

SKÓLAVARÐAN

3. tbl. 9. árg. apríl - maí 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands



ÖRYGGI NEMENDA – ATVINNUÖRYGGI KENNARA

Sérhver skóli á að vera tónlistarskóli

Mikil gróska í námi í rafiðnum

Viðbótarlífeyrissparnaður

Perlur og stærðfræði

Léttlestrarbækur í enskunámi



3 skref til fjárhagslegrar heilsu

Pekking

Fyrstu skrefin í fjárhagslegri heilsu eru að auka almenna fjármálaþekkingu.

Viðhorf

Settu þér mælanleg markmið sem þurfa að vera raunsæ og tímasett.

Hegðun

Með þekkingu í fjármálum og raunsæum markmiðum getur þú breytt hegðun þinni í fjármálum til hins betra!

FJÁRMÁLALÁUSNIR Á MANNAMÁLI

Fjármálanámskeið á mannamáli • Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald • Fjármálapróf • Heilsupróf og ráðgjöf • Lenging lána • Greiðsluöfnun húsnæðislána • Fyrirframgreiðsla Lífsvals • Frysting erlendra lána • Fjármálahugtök

Eru fjármálin eins og af öðrum heimi?

Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að **50% Íslendinga vilja vita meira um fjármál**. Byr býður öllum landsmönnum að taka fjármálapróf sér að kostnaðarlausu á **www.byr.is**. Prófið var samið í samvinnu við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík.

Taktu prófið á byr.is og fáðu fjármálin á mannamáli!

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson
Formaður SÍ.

Tími nýrra hugmynda

Er mig að dreyma eða er skáldskapurinn orðinn að veruleika? Getur verið að við séum persónur og leikendur í glæpasögu Þráins Bertelssonar *Dauðans óvissi tími*?

Fréttir og umræða í fjölmiðlum hafa verið með þeim hætti síðasta misserið að lyginni er líkast. Frásagnir af fjármálagerningum heima og erlendis eru slíkar að almenningur nær tæpast að skynja né skilja þær til hlítar. Niðurstaðan er engu að síður ljós. Hrun fjármálakerfisins er staðreynd og gjaldmiðillinn, íslenska krónan, stendur vart í lappirnar. Þá eykst atvinnuleysi hröðum skrefum og heimilin og fyrirtækin berjast í bökkum. Við lifum svo sannarlega á óvissum tímum þó að ekki sé um líf og dauða að tefla í sama skilningi og í áður nefndri bók Þráins.

Undanfarið hafa stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga leitað leiða til að draga úr rekstrarkostnaði þar sem fyrirséð er að tekjur dragist saman á yfirstandandi ári og því næsta. Þar sem fræðslumál eru einn stærsti útgjaldaliður í rekstri sveitarfélaga er ljóst að grunn- og leikskólar munu finna verulega fyrir þeim þrengingum sem nú ganga yfir. Svipaða sögu er að segja af framhaldsskólunum; þar verður hagrætt eins og kostur er. Þessi staða hefur skapað andrúmsloft óryggis, spennu og kvíða meðal starfsmanna á öllum skólastigum. Stjórnendur eru undir miklu álagi vegna krafna um lækkun rekstrarkostnaðar, jafnvel þótt einstök sveitarfélög hafi lýst yfir vilja til að standa vörð um störfin. Þá bætti ekki úr skák að dráttur varð á afgreiðslu fjárhagsáætlunar margra sveitarfélaga og því ekki vitað lengi vel hve mikill niðurskurðurinn yrði. Þessi staða hefur gert stjórnendum erfitt fyrir að skipuleggja næsta skólaár ásamt því að upplýsa starfsfólk um hvað í vændum sé. Á sama tíma koma fréttir frá ríkisstjórninni um að þar á bæ sé verið að finna leiðir til að skapa fleiri störf fyrir æ stækkandi hóp atvinnulausra. Hvernig stendur á þessu ósamræmi? Jú, ef grannt er skoðað kemur í ljós að ríkisstjórnin ætlar að auka framkvæmdir í samgöngum og byggingu orku- og álvera um leið og þjónusta sveitarfélaga verður skorin niður, þar á meðal í skólum. Á sama tíma benda ýmsir fræðimenn á að aukin áhersla á menntun og rannsóknir sé í raun besta leiðin út úr kreppunni og vísa þá til viðbragða Finna og Svía við fyrri bankakreppu.

Undanfarið hafa komið upp mál þar sem sveitarfélög hafa leitað leiða til að draga úr launakostnaði með því að semja við einstaka starfsmenn um launalækkun í einhverju formi með skírskotun til þess að allir verði að taka á sig auknar byrðar og vísa í því sambandi

Ljóst er að yfirvinnu og starfstengdum hlunnindum má segja upp en ólöglegt er að greiða laun undir umsömdum töxtum stéttarfélaganna og breytir þar engu þótt launamaður samþykki slíkt. Þá er ekki hægt að ráða skólastjóra og aðstoðarskólastjóra leik- og grunnskóla í hlutastarf þar sem þeir eru á fastlaunasamningi með óskilgreinda vinnuskyldu.

til æstu embættismanna ríkis og sveitarfélaga. Ljóst er að yfirvinnu og starfstengdum hlunnindum má segja upp en ólöglegt er að greiða laun undir umsömdum töxtum stéttarfélaganna og breytir þar engu þótt launamaður samþykki slíkt. Þá er ekki hægt að ráða skólastjóra og aðstoðarskólastjóra leik- og grunnskóla í hlutastarf þar sem þeir eru á fastlaunasamningi með óskilgreinda vinnuskyldu.

Kjarasamningar FG og SÍ renna út 31. maí n.k. Ljóst er að lítið verður að sækja til viðsejenda eins og staðan er. Yfirlýst var að næstu samningar þessara aðila yrðu tímasettir um svipað leyti og kjarasamningar annarra starfsmanna sveitarfélaga. Það ætti því að vera eðlilegt að fresta samningum fram á haustið, m.a. til að sjá hvernig þjóðarskútan kemst út úr mesta brimrótinu og hvaða stefnu hún tekur, svo að notaðar séu líkingar úr sjómannamáli.

Ársfundur KÍ var haldinn föstudaginn 13. mars sl. Þar var farið yfir starfsemi sambandsins á liðnu ári og hvernig verið er að vinna úr þingsamþykktum frá þinginu í fyrra. Jafnframt var fjallað um málefni líðandi stundar og þá ekki hvað síst efnahags- og menntamál. Af máli framsögumanna og umræðum er ljóst að staðan er dökk en engan veginn vonlaus og í raun björt ef lítið er til aðeins fjarlægari framtíðar; sérstaklega ef okkur auðnast að leggja áherslu á mikilvægi góðrar menntunar og nýsköpunar. Framundan eru áskoranir og tími nýrra hugmynda og lausna.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson

Varúð: Ekki fyrir viðkvæma

Geðlæknir sem vinnur með börnum sagði mér um að daginn að hann og starfsfélagar hans ættu von á að sjúklingum fjölgaði mikið næsta vetur. Ástæðan? Niðurskurður í skólakerfinu. Það væru því miður farnar að berast fregnir af því, sagði læknirinn, að börn sem stæðu höllum fæti fengu ekki þann stuðning sem þau þyrftu. Niðurskurður væri hafinn og ætti eftir að aukast. Afleiðingar væru væntanlegar innan tíðar.

Ég velti því fyrir mér í framhaldi af þessum orðum hvernig við skilgreinum grunnþjónustu. Mikið er rætt um að standa vörð um hana á öllum skólastigum og í þau fáu skipti sem stjórnmalamaður minnst á skólamáli dregur hann þetta orð gjarnan upp úr þússi sínu. En hvað er grunnþjónusta? Er það grunnþjónusta að öll börn læri að draga til stafs í fyrsta bekk grunnskóla? Hvað með að hugga grátandi barn, er það grunnþjónusta? En að gefa sér tíma til að setjast með nemanda og ræða við hann um skólareglurnar eða undraheim náttúrunnar – er það grunnþjónusta? Er það grunnþjónusta að hlæja með nemendum? Hvað með að borða saman, er það grunnþjónusta?

Ég er ekki viss um að þegar ráðamenn sletta orðinu grunnþjónusta eins og skyri framan í kennara hugsu þeir út í það að skólinn er annað heimili barna og ungmenna. Hér eru þau fimm til níu klukkustundir á dag. Og tónlistarskólinn, sem er vinnustaður og annað heimili fjölmargra kennara í Kennarasambandinu, þar eignast mörg börn og ungmenni góðan vin og lærimeistara á fullorðinsaldri. Stundum þann eina sem þau geta leitað til. Þetta er engin vitleysa, ég veit um mörg dæmi þessa. Það er ekki víða sem börn hafa aðgang að fullorðinni manneskju án þess að þurfa að berjast við sjónvarp, síma, tölvu eða tuttugu önnur börn um athyglina en tónlistarskólakennarinn er slík manneskja. Kennarar, skólaritarar, hjúkrunarfræðingar, matráðar, námsráðgjafar, skólastjórar, skólalíðar – í öllum þessum hópum og öðrum í skólaumhverfinu er að finna trúnaðarvini og lærimeistara mikils fjölda nemenda. Það er mikilvægt að halda í allt þetta góða fólk og láta það fá tíma til að vinna sín góðu verk. Ef álag, undirmönnun og niðurskurður er dagskipanin í skólum líða börnin, þau verða veik, andlega vanhirt og ná ekki að verða fullnuma.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð að sinni. En það hryggir mig að fullorðið fólk skuli mala um grunnþjónustu í staðinn fyrir að hugsa í ró og næði um guðsþjónustuna sem kennarar láta nemendum í té á hverjum virkum degi. Það er þjónusta við sterk og viðkvæm goðmög, börnin sem eru fullkomin í sjálfu sér en þurfa samt sárlega á leiðsögn okkar, kennslu og vináttu að halda.

Kristín Elfa Guðnadóttir



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Tími nýrra hugmynda	3	• engar viðræður og tæplega samræður	
Leiðari: Varúð, ekki fyrir viðkvæma	4	• ástæða er til að minna á þessa ályktun	
Gestaskrif: Brynjur og íkveikjur	5	• eftir fundinn	
Kjaramál: Á ég að taka út milljón?	7	Könnun: Niðurskurður í leik- og grunnskólum	16
KÍ: Atvinnuöryggi kennara: Hvað er að gerast í skólunum?	8–14	FT: Ályktun um stöðu tónlistarskólanna í landinu	17
• ætlum við að svikja heila kynslóð um menntun?		Iðnnám: Mikil gróska í námi í rafiðnum	18
• enginn setti menntun á dagskrá		Ritdómur: Outdoor learning and play: Ages 8-12	20
• auðhyggjan sem gekk af göflunum		Námsgögn: Léttlestrarbækur í ensku	22
• að virða friðarskyldu á gildistíma kjarasamninga		KÍ: Vinnuumhverfisbólan, nýjung á www.ki.is	24
• ef þú ert tryggður, færðu það bætt?		Símenntun: Nám í heildrænni djúpsálarmedferð í Færeyjum	26
• samtök kennara í björgunaraðgerðum		Teiknimyndasagan: Skóladagar	26
• úr minnisblaði frá mannaússkrifstofu Reykjavíkur 20. apríl		Stærðfræði: Perlur – hugleiðingar um stærðfræðinám í leikskóla	28
• úr bréfi sem feg sendi öllum grunnskólakennurum 20. apríl		Smíðshöggð: Börn, afrek þeirra og umfjöllun fjölmiðla	30
• miðlum upplýsingum			

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is
Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115
Hönnun: Zetor ehf.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Afmælistónleikar DoReMí tónlistarskólans 20. mars 2009 í Neskirkju.

Auðlýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold

Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



Davíð A. Stefánsson

Brynjur og íkveikjur

Fyrir nokkrum árum fann ég námsfjölina mína. Það gerðist seint, svona miðað við hvað gengur og gerist hjá hinum venjulega Íslendingi – ég eignaðist barn ungar og stúdentsprófinu seinkaði, eftir það þvældist ég um og vissi ekki alveg hvað ég átti af mér að gera, kláraði eitt ár í ensku í Háskóla Íslands en rann svo út úr því námi ... ég var stefnulaus og átti erfitt með að ákveða mig endanlega um námið og framtíðina. Svólitíð seinþroska á þann veginn, kannski bráðþroska á öðrum sviðum, ef svo má segja á vinalagan hátt um sjálfan sig í endurliti.

Svo fæddist ákvörðunin bara einn daginn, eins og óvæntur draumur eða vinalægur sólargeisli undan skýjabakka – það rann upp fyrir mér það hægfara ljós að bókmenntir, orð og tungumál hafa alltaf átt hug minn allan. Ég skræði mig í bókmenntafræði og lauk þar tveimur árum til að klára blandaða BA-gráðu með enskunáminu. Sannleikurinn var fundinn, og svona eftir á að hyggja skil ég ekki tregðu mína. Ég hefði átt að fatta þetta miklu fyrr. Eins og margt annað, svo sem.

Einu sinni var ljóðið allt. Núna er það alls staðar.

Fyrir nokkrum árum fæddist líka ofangreind setning. Og hún hringlaði í hausnum á mér í marga mánuði áður en ég skildi hvað blessaður ofvirkur hausinn á mér var að fara. Setningin lét mig ekki í friði og á endanum lét ég undan miklum félagslegum þrýstingi innanhúss, tók mig til og skrifaði heila bók út frá henni.

Bókin heitir Tvískinna. Það tók mig fjögur ár að fullvinna hana og hún leit dagsins ljós haustið 2008, svona rétt um það leyti sem hér á landi hrundi bankakerfi, efnahagskerfi, stjórn málatilfrú og ofurtrú á kapítalíska hugmyndafræði. Þegar allt var að renna hér til fjandans og Geir það Guð að blessa

þegar allt var að renna hér til fjandans og Geir það Guð að blessa blessað landið sótti ég 2000 eintök af bókinni minni úr prentun, signaði mig, það um styrk til að selja allnokkur eintök til að eiga fyrir prentkostnaði og dembdi mér út í jólabókaflóðið.

blessað landið sótti ég 2000 eintök af bókinni minni úr prentun, signaði mig, það um styrk til að selja allnokkur eintök til að eiga fyrir prentkostnaði og dembdi mér út í jólabókaflóðið. Þar með fór rússíbaninn af stað fyrir alvöru og sér ekki fyrir endann á honum á næstunni – það eru greinaskrif, dreifing, smásala, kennsla, námskeið og hvaðeina.

Einu sinni var ljóðið allt. Núna er það alls staðar.

Hvað þýðir þetta? Af hverju varð þessi setning að heilli kennslubók fyrir unglunga og ungt fólk? Af hverju fór ég þaðan yfir í auglýsingar yfir í neylusamfélagið? Sjálfshjálparbók fyrir unglunga á kafi í vestrænu neylusamfélagi? Er það málið?

Setningin sprettur upp úr áralöngum áhyggjum mínum af stöðu ljóðsins. Frá því að ég fór að lesa bókmenntir og ljóð, og ekki síst eftir að ég hóf að yrkja sjálfur, hef ég haft í eyrunum þá setningu að ljóðið sé dautt. Í mörg ár skildi ég ekki hvaða þús þetta var í fólk, enda var ég meira eða minna umkringdur ljóðelskum einstaklingum, dekraður félagslega og menningarlega. Síðar opnaðist skilningurinn á þessari staðhæfingu eins og munnvik eða morgunn, og ég skildi að í merkingu orðsins *fjölmíðill* var ljóðið dautt. *Einu sinni*, hugsaði ég með mér, *var ljóðið allt. Það var fréttir, afþreying, dagbók, rífrildi, nágrannaerjur. Það var miðill. Innan þess rúmaðist allt í heiminum.*

Svo urðu til miðlarnir okkar, þessir dags

daglegu heimilisvinir sem við þekkjum svo ógnarvel, útvarp, sjónvarp, sími, internet. Blogg og kommentakerfi. Nýjar miðlunarleiðir, nýjar tjáningarleiðir, nýjar fréttaleiðir. Og smám saman breyttist hlutverk ljóðsins.

Það breyttist, rétt eins og hlutverk málverksins gerði þegar ljósmyndatæknin kom til sögunnar. Þegar ljósmyndinni tókst að fanga raunveruleikann miklu betur en flinkasta málara varð málariinn að reyna að fanga eitthvað annað. Til dæmis innri gerð veruleikans, litaflaðið í náttúrunni, angist mannlegrar tilveru, hamingju, eróttík. Föngun varð að túlkun – tungumálið fór að miðla tilfinningu í meira mæli.

Þar fæddist hin *lausu* ljóðlist. Atómlyjóð, abstrakt-ljóð, prósaljóð. Eftir það varð ekki aftur snúið – ljóðið þurfti ekki lengur að miðla ytra byrði heimsins eða því sem var í honum frétt næmt heldur aðeins því sem bjó hið innra.

Eftir töluverðar vangaveltur skrifaði Tvískinna sig nokkurn veginn sjálf, þótt langan tíma hafi hún vissulega tekið. Þegar upp er staðið fjallar bókin um neylusmenninguna og hvernig hún umlykur okkur, hvernig við liggjum marineruð í texta-, tákna-, og myndskilaboðum á hverjum degi og hvernig heilinn reynir að greina allar upplýsingarnar. Tvískinna fjallar um meðvitund og undir-meðvitund og hvernig auglýsingar nota ljóðræn og tvíræð skilaboð til að ná til okkar.

Einn hvatinn á bak við bókina fólst í þeirri hugmynd minni að ástandið væri



Ljósmynd: Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson

Er til rétt túlkun á hafi? Rétt túlkun á mosa?

Þannig eru unglingsárin. Og að þeim yfirstöðnum stendur eftir einhvers konar landslag, lítill hraunbreiða, höll, fjall. Stundum gígur.

við það sama í grunnskólakerfinu og þegar ég stundaði þar nám. Þar tíðkaðist páfagaukalærdómur af gamla skólanum sem fólst aðallega í því að læra utanbókar mjög mörg og óspennandi ljóð eftir gamla kalla með barta, engin tilraun var gerð til að vekja áhuga okkar á ljóðum, okkur voru ekki færð nein töl til að grafa inn í merkingarheim ljóðanna til að skilja þau betur. Námið snerist að öllu leyti um ytra byrði ljóðanna en að engu leyti um innihald þeirra eða tungumálið sjálft. Útkoman er sú að ég kann enn utanbókar Fyrr var oft í koti kátt og Hafíð bláa hafið, sem er gott og blessað en ekki sérlega fullnægjandi, svona á venjulegum degi. Allt sem ég lærði um áhrifamátt tungumálsins, undirtexta, ljóðrænar víddir, hugrenningatengsl – allt þetta lærði ég ekki fyrr en í háskólanáminu, farinn að nálgast þrítugsaldurinn.

Ég trúí á hugvekjur, kveikta forvitni, innleiðingu, vakningu. Ég trúí því að allar manneskjur geti bæði skapað, skilið og skynjað listir og bókmenntir. Allar manneskjur, engar undantekningar. Við fæðumst öll með frumþörfina – ALLIR fara í gegnum einhvers konar skapandi tímabil á lífsleiðinni þar sem þörfin til að raða saman orðum á blað eða strjúka pensli á striga er svo sterk að þeirri köllun *verður* að fylgja. Oftast nær gerist þetta á unglingsárunum, enda er einstaklingurinn á því tímabili eins og jörð sem opnast undan þrýstingi úr iðrum sínum, þá er allt opið, allt vellandi og kvíkt, ýkt og óendanlegt. Þannig eru unglingsárin. Og að þeim yfirstöðnum stendur eftir einhvers konar landslag, lítill hraunbreiða, höll, fjall. Stundum gígur. Á þessum árum mótast nánast allt, en mótunin er óútreiknanleg,

ófyrrisjáanleg.

Og kannski af þessum sökum reynir skólakerfið að hafa hemil á náttúruhamförum unglingsáranna. Í stað þess að virkja kraftinn og fagna fæðingu hins nýja landslags bregst skólakerfið við með páfagaukalærdómi og mótun. Stífum ramma. Prófum þar sem „rétt“ túlkun á ljóði gefur háa einkunn, rétt eins og til sé rétt túlkun á ljóði, eins og ekkert sé sjálfsgaðara. Er til rétt túlkun á hafi? Rétt túlkun á mosa? Kennum við börnunum okkar að meta náttúruna í gegnum náttúrufræði? Hvað hefur skapandi unglingsmaður að gera með að læra ljóð utanbókar? Hvaða skilaboð senda svona viðhorf honum um ljóð? Eru þau hvetjandi?

Það vill þannig til að í kvöld er ég að fara í tuttugu ára útskriftarafmæli með skólafélögum úr Hólabrekkuskóla. Það vill bara þannig til. Við ætlum að hittast í gamla skólanum, röltu um stofurnar, hitta nokkra kennara, rifja upp gamlar og góðar (og óþægilegar og hallærislegar) minningar og fara svo og skemmta okkur saman. Það eru sem sagt tuttugu ár síðan ég stundaði nám í grunnskóla og hér er ágætt að taka fram að ofangreind lýsing er auðvitað byggð á minni eigin reynslu og sennilega hefur skólakerfið tekið jákvæðum breytingum síðan þá.

Þó er ég viss um að betur má ef duga skal. Þeir kennarar sem ég hef rætt við staðfesta að lítið sé um mjög safaríkt efni þegar kemur að ljóðum, bókmenntum, tungumáli og allra síst þegar kemur að neyslulæsi eða menningarlausni. Þegar efna-hagstískan reið sem harðast yfir þjóðina var mikið rætt um átak í kennslu á fjármálalæsi og rökun voru þau að fjármál og fjármálaumræða væri svo fyrirferðarmikil og

ríkjandi í nútíma samfélagi. Það er gott og blessað. Á sama hátt langar mig óskaplega mikið til að koma þeirri hugmynd inn í skólakerfið að við þurfum að brynja okkur fyrir neysluskilaboðum. Þetta byggist á sömu lögmálum – unglingsmaður þarf að þekkja muninn á vaxtakjörum til að láta ekki plata sig í viðskiptum, hann þarf að kunna skil á vissum hugtökum og með því verður hann að betri borgara. Líkurnar á persónulegum peningavandræðum minnka.

Að nákvæmlega sama skapi þarf unglingsmaður að þekkja muninn á góðum skilaboðum og slæmum, hann þarf að brýna augun, skerpa hugsunina og þora að standa með sjálfum sér en ekki tískustraumum í neyslu. Þetta snýst um þjónkun við ríkjandi viðhorf og tísku – við, bæði sem einstaklingar, þjóð og heimur, þurfum meira á því að halda en nokkru sinni fyrr að samfélagið sé uppfyllt af skapandi og vel dugandi einstaklingum. Til að það gerist þarf íkveikja að verða grunnurinn í menntakerfinu – sú hugsun að börn og unglingsmaður séu eldiviður, að í þeim búi allur heimurinn og meira til, og að okkur beri skylda til að kveikja í þeim áhuga, metnað og skapandi hugsun. Hugmyndafræðileg íkveikja, ekki óþreyjufull mótun eða mótun.

Núna, á þrítugasta og sjötta aldursári, er ég að uppgötva að líklega ætlaði ég alltaf að verða kennari. Hugsunin um kennaranám er því farin að láta á sér kræla og kannski maður skelli sér með haustinu. Þetta kemur víst allt með kalda vatninu, sagði maðurinn og sótti sér vatn í lækinn – kannski rættist loksins þessi leyndi kennaradraumur. Ég hef að minnsta kosti fengið forsmekkinn af því að kenna upp úr bókinni minni, að nota bókina mína til íkveikju. Og það eru alvöru forréttindi að fá að beita eigin hugsunum á raunverulegar manneskjur, forréttindi sem mig langar til að upplifa fyrir alvöru.

Davíð A. Stefánsson
Höfundur er bókmenntafræðingur.



Á ég að taka út milljón?

Eiríkur Jónsson situr fyrir svörum um viðbótarlífeyrissparnað

Nú er tímabundin heimild til að taka út allt að einni milljón króna af viðbótarlífeyri. Margir félagsmenn velta því fyrir sér hvort þetta sé skynsamlegt og aðrir hvort þeir eigi að hætta að leggja fyrir á þennan hátt. Loks vilja sumir vita hvort þeir eigi að flytja peningana sína yfir á aðra sparnaðarleið innan síns lífeyrissjóðs. **Eiríkur Jónsson formaður KÍ tók nýlega við formennsku í stjórn LSR og því voru hæg heimatökin að spurja hvað honum fyndist um þetta allt saman.**

„Að mínu mati er einungis skynsamlegt í tveimur tilfellum að nýta þessa heimild,“ segir Eiríkur. „Annars vegar ef þörfin er mjög brýn, ef fólk verður að fá aura til að hreinlega komast af. Og hins vegar ef það er með óhagstæð lán og getur bætt stöðu sína með því að borga inn á höfuðstólinn. Fólk verður að skoða þetta hver fyrir sig en við getum tekið dæmi. Segjum að einhver sé með viðbótarlífeyrissparnað sinn á verðtryggðri bók með 6 ½ – 7% vöxtum. Þá er ekki skynsamlegt að taka út milljón til þess að greiða niður verðtryggt lán með 4 ½ – 5% vöxtum. Annað, sem ekki er víst að allir hugsji út í, er að ef maður ákveður að taka milljónina út og leggja hana inn á til dæmis bók með hærri ávöxtun þarf að reikna með 10% fjármagnstekjuskattinum sem leggst á frá og með því að þetta er gert. Svona þarf hver og einn að leggja þetta niður fyrir sér. Ég mæli alls ekki með því að neinn taki út milljón til að nota í neyslu og ráðlegg fólki að taka sparnaðinn ekki út nema þörfin sé brýn. Svo er eitt enn sem þarf að kanna í þessu sambandi en það er hvort fólk þurfi að greiða eitthvert gjald fyrir að taka út. Það þarf ekki í LSR en hugsanlega hjá einhverjum öðrum sjóðum.“

Eiríkur segist ekki vera í neinum vafa um hvort eigi að fara eða vera: „Ég ráðlegg öllum eindregið að halda áfram með viðbótarlífeyrissparnað,“ segir hann. „Eina undantekningin að mínu mati er ef fólk er svo illa státt fjárhagslega að það hreinlega getur það ekki. Þetta er augljós ávinningur, á móti hverjum þúsundkalli frá þér leggur atvinnurekandinn til þúsundkall. Algengast er að fólk nýti 2% af tekjum sínum með þessum hætti og atvinnurekandinn leggur annað eins á móti. Eitt sem fólk þarf líka að muna eftir í þessu samhengi er skatturinn. Fyrir hvern þúsundkall sem þú leggur inn á viðbótarlífeyrissparnað minnka ráðstöfunartekjur þínar ekki um

Að kenna á eftirlaunum

Í kjaramálapistli í Skólavörðunni í fyrra skrifaði Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi KÍ um töku eftirlauna. Vegna fyrirspurna er hér endurbirtur einn kafli greinarinnar þar sem fjallað er um eftirlaunakennara í kennslu. Einnig er minnt á að hægt er að lesa öll tölublöð Skólavörðunnar á www.ki.is og á vefnum er einnig að finna liðinn **Spurt og svarað** þar sem meðal annars er útskýrt margt í tengslum við lífeyrismál. Í stuttu máli er það þannig að kennarar geta unnið eins mikið og um semst ef þeir eru á stundakennarakaupi án þess að lífeyrisgreiðslur skerðist. Stundakennarar eiga hins vegar ekki rétt á stöðu sinni. Ef eftirlaunakennari fær fastráðningu má hann ekki vinna 50% eða meira því þá uppfyllir hann aftur skilyrði til aðildar að lífeyrissjóðnum og fer aftur að borga.

„Ef eftirlaunakennari er ráðinn í stundakennslu þá skerðir það ekki lífeyrisgreiðslur og getur kennari tekið að sér eins mikla kennslu og hann vill. Stundakennsla er greidd á starfstíma skóla og svo bætist orlof ofan á. Kjarasamningur gerir ráð fyrir því að eftirlaunakennarar séu stundakennarar þó að heimilt sé að semja um annað, eins og t.d. 49,9% ráðningu. Það er því heimilt að taka að sér hlutastarf, en það ráðningarform er háð samþykki launagreiðanda og starfshlutfallið má þá ekki fara yfir 49,9%. Ef starfið sem sinnt er hefur skylduaðild að lífeyrissjóði viðkomandi þá er ekki greitt í þá deild sem verið er að taka lífeyri úr. Eitthvað hefur verið um það að kennarar, sem eru komnir á lífeyri hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hafi ráðið sig í starfshlutfall og er það heimilt samkvæmt reglum lífeyrissjóðsins. Ef starfinu sem lífeyrisþeginn sinnir fylgir hins vegar ekki skylduaðild að lífeyrissjóðnum, sem tekið er úr, er hægt að hafa ótakmarkaðar tekjur án þess að skerða eftirlaunin en greiða verður fullan skatt af tekjunum.“

Skólavörðan 4. tbl. 2008, bls. 7.

þá fjárhæð heldur um tæpar 630 krónur af því að skatturinn er um 37,5%. Þú hefur semsagt um 630 krónum minna milli handanna í augnablikinu af því að þú lagðir inn 1000 krónur. Síðar á ævinni tekurðu svo auðvitað ekki út 1000 krónur heldur þær að frádregnum skatti eða um 630 krónur – með vöxtum og verðbótum að sjálfsögðu – af því að skattlagningin kemur í rauninni ekki til framkvæmda fyrr en þú færð aurana í hendur. Þannig að kennari með 300 þúsund króna mánaðarlaun borgar sex þúsund krónur af laununum í séreignarsparnað en rýrir ráðstöfunartekjur sínar um 3800 krónur í augnablikinu. Fólk gleymir stundum að taka þetta með í reikninginn.“

Að sögn Eiríks er mikilvægt að menn skoði hver fyrir sig þær leiðir sem hægt er að fara með séreignarsparnað í lífeyrissjóði þeirra. „Það er auðvitað hægt að leggja viðbótarlífeyrissparnað inn í hvaða lífeyrissjóð sem er,“ segir Eiríkur, „og leiðir eru mismunandi. Oftast eru góðar upplýsingar

um þetta á vefsíðum sjóðanna en svo legg ég til að fólk hringi eða hafi samband á annan hátt og sæki sér upplýsingar. Í LSR, þar sem ég þekki auðvitað best til, eru þrjár leiðir í boði. Mér finnst það fara svolítið eftir aldri og áunnum lífeyrisréttindum hvort fólk ákveður að flytja sparnaðinn sinn úr einni leið í aðra. Ég er 57 ára og flutti minn sparnað úr áhættusömustu leiðinni yfir í þá öruggustu. Ef ég væri hins vegar tuttugu eða þrjátíu árum yngri hefði ég líklega beðið með að flytja sparnaðinn þar til málin færðust aftur í betra horf. Og jafnvel sleppt því. Fyrir fólk eins og mig hins vegar, sem þarf að nota sparnaðinn innan fárra ára, er ef til vill öruggara að drífa í að flytja hann. Ég hvet þá sem eru með viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá LSR að skoða upplýsingar um ólíkar leiðir á vef sjóðsins, Isr.is, smella á *Séreign* og þar undir á *Fjárfestingarleiðir*.“

keg

Hvað er að gerast í skólunum?

Um skólann sem öruggan vinnustað

Stjórnámálameinn virtust ekki ýkja áhugasamir um skólamál í aðdraganda kosninga og hafa varla minnst á þau einu orði eftir kosningar. Þótt menntun virðist talsmönnum þjóðarinnar lítt hugleikin er gríðarlega mikilvægt að tryggja öryggi nemenda, og starfsöryggi kennara er lykilatriði í því samhengi. Kennarar sjá nú þegar afleiðingar kreppunnar. Hnarreistir unglingar drúpa höfði, foreldrar missa vinnu, fjölskyldur hrökklast úr landi, glöð börn daprast, hætta á frístundaheimilum, í íþróttum og hljóðfæranámi, eru ein heima eftir skóla og ísskápurinn tómur. Hér er skoðað eitt og annað sem lýtur að starfsöryggi kennara og velferð nemenda og þessi könnunarleiðangur heldur áfram í næstu blöðum.

ÆTLUM VIÐ AÐ SVÍKJA HEILA KYNSLÓÐ UM MENNTUN?

Kennarar gera sér grein fyrir því að eftir tíu til tuttugu ár getum við allt eins átt von á því að þeir sem nú eru nemendur segi við okkur hin: *Þið svikuð okkur um menntun. Þið stækkuðuð bekki og fækkuðuð kennurum, stytтуð skólaárið, sögðuð upp ungum kennurum með ferskar hugmyndir, tókuð fyrir möguleika kennara til að hittast og tala saman, létuð litlu krakkana missa viðbótarstundirnar og stóru krakkana valáfangana. Okkur leið illa í skólanum, enginn var úti með okkur í frímínútum, við fengum ekki lengur listkennslu í leikskólanum, ferðalög í grunnskólanum og námsráðgjöf í framhaldsskólanum. Kennararnir fengu ekki símenntun og þróunarstarf heyrði sögunni til. Við fengum ekki lengur hollan mat í skólanum, einmitt þegar við þurftum mest á því að halda, og við urðum þreytt og pollítill. Þau okkar sem hafa sérþarfir fengu þeim ekki mætt og lærðu lítið sem ekkert. Menntun hætti að vera fyrir alla.*

ENGINN SETTI MENNTUN Á DAGSKRÁ

Kennarar gera hvað þeir geta til að verja nemendur, þar á meðal að leita leiða til að spara án þess að skerða skólastarfið sem er erfitt þegar 80-90% kostnaðar eru laun og launatengdur kostnaður.

En þótt kennarar séu á fullu að vernda nemendur sína eru þeir líka uggandi. Í kosninga-baráttunni heyrðist lítið sem ekkert um að samfélagið þyrfti að slá skjaldborg um menntun og skólastarf. Ekkert stjórn málaaf



Kjararáð og stjórn KÍ funduðu saman í apríl.

Ljósmynd: keg

Kennarar gera sér grein fyrir því að eftir tíu til tuttugu ár getum við allt eins átt von á því að þeir sem nú eru nemendur segi við okkur hin: *Þið svikuð okkur um menntun.*

setti skólastarf, menntun og nemendur á oddinn. Nú er kosningu lokið og við höldum áfram að standa frammi fyrir afleiðingum hrunsins. Kennarar eru áfram uggandi og raunar æ meir. Þarna kemur til kasta samtakamáttar kennara og það er brýnt að þeir nýti sér þann vettvang með öllum tiltækum ráðum. Kennarasambandið leggur ríka áherslu á að standa vörð um skólastarf eins og sést í þessum hluta úr ályktun sem sambandið sendi frá sér laust eftir bankahrun:

KÍ leggur í samræmi við hlutverk sitt sem kennarasamtök höfuðáherslu á að verja skólastarf og menntun í landinu og mun beita sér gegn öllum aðgerðum sem vega að námi og skólagöngu barna og ungmenna. KÍ telur starf með börnum og ungmönnum í skólum landsins jafnt í kennslu sem og öðru starfi vera mikilvægan lið í því að skapa nemendum skjól og öruggan samastað á þeim erfiðu tímum sem Íslendingar ganga nú í gegnum.

AUÐHYGGJAN SEM GEKK AF GÖFLUNUM

Hugmyndafræðin sem enn ræður því hvernig skólamálu er háttáð hérlendis á rætur að rekja til auðhyggju sem gekk af göflunum. Við höldum áfram að vinna eftir laga- og reglugerðum á grundvelli þessarar stefnu sem nú er gengin sér til húðar og beinlínis ógvaldur í samfélaginu.

Víða í Evrópu mótmæla kennarar og nemendur um þessar mundir ýmsum birtingarmyndum téðrar hugmyndafræði, til að mynda er Bolognaferlinu mótmælt kröft uglega af háskólanemendum og það sagt reist á grundvelli hugmynda um hagræðingu, skilvirkni og gróða í gegnum stöðlun. Hér heima höfum við kannski ekki bolmagn til að ræða þessi mál af nokkru viti, við verðum að forgangsraða: Nemendur í fyrsta sæti. Kennarastéttin er vakin og sofin yfir velferð nemenda og hana vantar sárlega talsmenn víðar í samfélaginu. Hvar voru þeir í aðdraganda kosninga? Hvorki rósir né túlipanar eru stuðningsyfirlýsing við skólastarf, myndböndin á YouTube og síðurnar á Facebook og Twitter voru það

ekki heldur. Eigum við að sjá um þetta ein? Skólástjórum er sums staðar uppálagt að virkja kennara í að finna sparnaðarleiðir. En þessi virkjun fellur ekki undir hugmyndina *aukið lýðræði* frekar en aðrar slíkar. Hrunið var ekki kennurum að kenna og þeir hafa nóg að gera við að mennta nemendur og annast um þá.

AÐ VIRÐA FRÍÐARSKYLDU Á GILDISTÍMA KJARASAMNINGA

Á sameiginlegum fundi stjórnar og kjararáðs KÍ þann 17. apríl sl. voru ræddar tilraunir vinnuveitenda til að lækka laun starfsfólks í skólum.

Fundarmenn lýstu yfir áhyggjum sínum af því að fólki væri í einhverjum tilfellum stillt upp við vegg og þvingað til að samþykka lækkun dagvinnulauna. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að frjálsir samningar um launaskerðingu gegn samsvarandi minnkun vinnuskyldu eru í samræmi við lög og venjur og eru því á ábyrgð hvers launamanns og vinnuveitenda hans. Allar þvingandi aðgerðir af hendi vinnuveitenda sem fela í sér skerðingu á taxtalaunum með því að minnka stöðuhlutfall eða þvinga fólk í launalaust leyfi eru að mati KÍ brot á friðarskyldu og því um lögbrot að ræða. Kennarasamband Íslands væntir þess að vinnuveitendur virði þessi sjónarmið nú sem endranær.

EF ÞÚ ERT TRYGGÐUR, FÆRÐU ÞAÐ BÆTT?

Segjum að kennari hafi verið beðinn um að taka sér launalaust leyfi í einn dag. Hann vill leggja sitt af mörkum til sparnaðar í krepplinu og samþykkir þetta.

Það viðrar vel þennan dag og kennarinn fer upp í fjall á skíði. Hann er svo óheppinn að slasa sig alvarlega og lendir í örorku. Kennarinn er 35 ára og á lítinn rétt en hann er í A-deild í lífeyrissjóðnum og fengi að öðru jöfnu framreiknaða örorku til 65 ára aldurs, sem sagt í 30 ár. En af því að hann var í launalaus leyfi daginn sem slysið átti sér stað þá fær hann ekkert. En biðum við, slasaði kennarinn var ekki einn á ferð. Með honum í för var samstarfsmaður hans sem er talsvert eldri og borgar í B-deild sjóðsins. Sá eldri lendir líka í slysinu og svo hörmulega vill til að hann deyr. Hann lætur eftir sig maka. Hann á 64% rétt í sjóðnum og samkvæmt reglum fær maki helming þeirra réttinda, eða 32%. Auk þess fá makar ávallt 20% þannig að heildargreiðslur nema í þessu tilvik 52% af launum hins látna. En þar sem hann var í launalaus leyfi er þetta fjarri lagi. Eftirlifandi maki fær ekki tuttugu prósentin heldur einungis helming áunna réttarins, þ.e. 32%. Heyrst hafa þær raddir að auðvitað myndu vinnuveitendur koma siðlega fram við þessar aðstæður og bæta ekkjunnir eða ekklinum tuttugu prósentin. En sagan sýnir okkur því miður að það er ekki svo. Síðasta dæmið er um kennara sem þurfti að fara í nokkurra ára þrautagöngu og sækja rétt sinn fyrir dómstólum eftir að nemandi



Kennarastéttin er vakin og sofin yfir velferð nemenda og hana vantar sárlega talsmenn víðar í samfélaginu. Hvar voru þeir í aðdraganda kosninga?

hafði valdið honum örorku. Sveitarfélagið hafnaði því að það væri bótaskyldt og komst á endanum upp með það. Kennarinn mátti þola óhróður á bloggsíðum fyrir að leita réttar síns. Við skulum varast „gylliboð“ um launalaus leyfi. Við skulum fara varlega í að vera auðtrúa þegar síðsemi atvinnurekenda er annars vegar. Það er hyggilegast að hafa allt á hreinu.

Dæmisaga frá EJ



SAMTÖK KENNARA Í BJÖRGUNARÁÐGERÐUM

Á nýlegum trúnaðarráðsfundi reykískra kennara var, eins og víða, rætt um niðurskurðarhugmyndir vinnuveitenda. Þorgerður Laufey Dýrriksdóttir stjórnaði fundinum og sagði blaðamanni frá umræðuefninu. „Á fundinum sagði ég frá upplýsingum sem komið hafa fram í umfjöllun borgarstjóra um starfsöryggi kennara í Reykjavík. Eitt af þremur meginmarkmiðum borgarstjóra í upphafi hruns var að standa vörð um störfin.

Á borgarstjórnarfundum 6. apríl sl. kom í fyrsta skipti fram skilgreining á því um hvaða störf átti að standa vörð og í máli borgarstjóra enn fremur að hægt yrði að standa vörð um störf fastráðinna starfsmanna borgarinnar. Þá var sagt að ekki yrði hægt að verja störf leiðbeinenda í grunnskólum næsta skólaár en þeir eru ráðnir til eins árs í einu á undanþágu frá menntamálaráðuneyti. Einnig kom fram að kennarar sem væru í leyfi og hygðust koma aftur til starfa væru í um sextíu stöðum. Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri taldi að um 120 kennarar væru lausráðnir við reykísvíska grunnskóla skólaárið 2008-2009 og ekki hægt að gera ráð fyrir því að þeir ættu vísa stöðu næsta skólaár. FG fór þá að skoða nánar ákvæði sem kom inn í kjarasamninginn síðastliðið vor. Félagið benti á að samkvæmt því fengju allir kennarar, sem hefðu ráðið sig til grunnskóla árið 2008, fastráðningu fjórum mánuðum eftir að þeir hæfu störf nema í þeim undantekningartilvikum þegar þeir væru ráðnir beint og skýrt í forföllum fyrir aðra. Þetta gildir auðvitað á öllu landinu. Tala Ragnars reyndist því úr lausu lofti gripin þegar upp var staðið og um langtum færri kennara er að ræða. Formaður FG brást strax við og sendi í samráði við lögfræðing KÍ út bréf til allra grunnskólakennara á landinu þar sem fram kemur að telji kennari sig fastráðinn á þeim forsendum sem kjarasamningurinn byggist á þá undirritar hann bréfið og lýsir því þar með yfir. Skömmu eftir að trúnaðarráðsfundurinn var haldinn ítrekaði borgarstjóri Reykjavíkur svo á fundi fyrri viljayfirlýsingu um að segja ekki upp fastráðnum starfsmönnum borgarinnar. Það



Kennari í grunnskóla í Reykjavík: „Við erum í sorg. Búið er að segja upp lausráðnum kennurum, ungu fólki með mikla atorku og hugmyndir. Svo er búið að flytja fleiri kennara hreppaflutningum. Þeim hefur verið holað niður í öðrum skólum sem voru undirmannaðir. Engu skiptir þótt ekkert okkar sem eftir sitjum búi að sérþekkingunni sem hvarf með þeim.“

er því ljóst að reykvískir grunnskólakennarar eiga að geta verið öruggir með störf nema þeir séu leiðbeinendur sem sannanlega eru með samning til eins árs eða kennarar sem hafa ráðið sig til starfa í grunnskólum Reykjavíkur á þeim forsendum að vera í forföllum fyrir einhvern annan.“

ÚR MINNISBLAÐI FRÁ MANNAUÐSSKRIFSTOFU REYKJAVÍKUR 20. APRÍL

„Ljóst er að aðgerðir sem leiða til aukinnar hagræðingar, svo sem vegna breytinga á þjónustustigi, opnunartíma stofnana og annars sem til þessa má jafna, geta í einhverjum tilfellum leitt til ofmönnunar og því kallað á niðurlagningu starfa. Í slíkum tilfellum ber engu að síður að tryggja að fastráðnu starfsfólki verði ekki sagt upp störfum heldur verði ávallt leitað leiða til að finna viðkomandi önnur sambærileg störf, innan fagsviðs eða annars staðar hjá borginni. Hagræðingaraðgerðir og skipulagsbreytingar eiga því ekki að leiða til uppsagnar fastráðinna starfsmanna. Hvað varðar starfsmenn með tímabundna ráðningu, þá eru að sjálfsgöðu einnig möguleikar á að leita að og finna önnur störf fyrir þá þegar þeirra starfstíma lýkur.“

ÚR BRÉFI SEM FG SENDI ÖLLUM GRUNNSKÓLAKENNURUM 20. APRÍL

„Hópur 2: Þeir sem réðu sig til kennslu í fyrsta sinn eða voru að ráða sig aftur til starfa eftir hlé og voru **EKKI að leysa annan kennara af tímabundið**. Hafi einhver kennari sem þessar aðstæður eiga við um fengið tilkynningu um að hann geti ekki átt von á endurráðningu **mælum við eindregið með eftirfarandi**: Fyllið út meðfylgjandi bréf nr. 2 í viðhengi og afhendið skólastjóra. Prentið út tvö eintök, afhendið annað og fáið undirskrift fyrir móttöku bréfsins. Þetta er gert til að undirstrika að tilkynning um að starfskrafta þinna sé ekki óskað næsta vetur er ekki nægjanleg. Á milli aðila ætti að vera ótímabundinn ráðningarsamningur og ef áætlunin er ekki að nýta starfskrafta þína næsta skólaár, t.d. vegna „ástandsins“ þarf vinnuveitandinn/skólastjóri að segja ráðningarsamningnum upp. Um það gilda reglur um uppsagnir sbr. viðauka hér að aftan. Útfylling og afhending þessa bréfs er eingöngu í varúðarskyni til að tryggja rétt þeirra sem í hlut eiga. **Þessi hópur á ekki rétt á biðlaunum**, komi til uppsagnar á ráðningarsamningi, enda er hann að ráða sig til starfa sl. haust í fyrsta skipti eða koma til starfa eftir hlé.“

MIDLUM UPPLÝSINGUM

Félagsmenn KÍ eru hvattir til að hafa samband við Kennarasambandið og láta vita um allar aðgerðir og hugmyndir um niðurskurð á leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólastigi. **Elna Katrín Jónsdóttir** varaformaður KÍ hefur ennfremur lagt það til að aðildarfélög Kennarasambandsins miðli á milli sín bréfum og öðrum gögnum sem innihalda upplýsingar er geta verið fróðlegar og gagnlegar fyrir heildina.

ENGAR VIÐRÆÐUR OG TÆPLEGA SAMRÆÐUR

Á fundi stjórnar og kjararáðs KÍ þann 17. apríl sl. sem vitnað er til framar í greininni sögðu formenn aðildarfélaga frá stöðu mála í sínum félögum. Hér er stutt samantekt á upplýsingum þeirra.

Félag grunnskólakennara – Ólafur Loftsson

Enn eru engar formlegar viðræður við LN í gangi. Hugmynd um launalaust leyfi settu sveitarstjórnarmenn á Akureyri fram upp á eigin spýtur. eru sveitarstjórnir að fara á taugum? Ef á að ræða um svona mál verða sveitarstjórnir að vita hver hefur umboð til þess. Er LN kannski að reyna að kaupa sér tíma?

Skólafélag Íslands – Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson

Leikskólinn og grunnskólinn hittu fulltrúa Reykjavíkur á kynningarfundum fyrr á árinu. Svo var óformlegur spjallfundur með LN. Við höfum síðan tekist á við nokkur sveitarfélög og haft betur, það er ekkert til sem heitir hlutastjórnun í FL og SÍ. Við höfum ásamt leikskólakennurum verið í sambandi við aðila SÍS um launakjör stjórnenda í samreknum skólum. Við höfum líka haft afskipti af auglýstum stöðum og spurt hvaða upplýsingar umsækjendum hafi verið

gefnar en það er fátt um svör. Þá höfum við óskað eftir fundi með samstarfsnefnd um efnahagsmálin en ekki fengið.

Félag leikskólakennara – Björg Bjarnadóttir

Við höfum verið að vinna í samrekstrar-málanum eins og fram kom hjá Kristni. Einn fundur var haldinn undir því yfirskini að ræða efnahagsmál en þar veltu fulltrúar sveitarfélaga upp hugmyndum um niður-skurð og vildu endurgjöf. Fundi sem átti að vera í síðustu viku var frestað. Ástandið er svona í stuttu máli: Engar viðræður og tæplega samræður, enda gildir núverandi kjarasamningur til ágústloka.

Félag tónlistarskólakennara – Sigrún Grendal

Staðan er svipuð hjá okkur og hér hefur verið lýst. Ég sting upp á að þau aðildarfélag sem tengjast samreknum skólum ræði saman um hvernig hægt er að verja faglegt skóla-starf og stilla saman strengi. Stöndum vörð um faglegt skólastarf.

Félag framhaldsskólakennara – Aðalheiður Steingrimsdóttir

Kjarasamningur framhaldsskólans losnaði 31. mars sl. og gildir þar til nýr hefur verið gerður. Við höfum hitt viðsemjendur til að ræða ýmis atriði sem tengjast honum og út úr þeirri samræðu kom bókun um að fresta samningagerð um þau atriði framhaldsskólalaganna sem hafa áhrif á störf og vinnutíma í framhaldsskólum þar til aðstæður breytast. Við erum síðan þátt-takendur í heildarsamflotinu á vinnumark-aðnum sem snýst um endurnýjun kjarasamninga árið 2009.

ÁSTÆÐA ER TIL AÐ MINNA Á ÞESSA ÁLYKTUN

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara sem haldinn var 12. mars sl. samþykkti ályktun með heitinu: „Stöndum vörð um menntun og skólastarf!“

Á krepputímum er mikilvægt að efla fremur en draga úr jafnrétti til náms. Ef starfsemi og þjónusta leik- og grunnskóla við börn og unglinga og fjölskyldur þeirra er skert vegna fjárhagslegs niðurskurðar er höggvið þar sem hlífa skyldi. Slíkur niðurskurður bitnar oftast þyngst á þeim sem síst mega við því, efnahagslega og félagslega. Framhaldsskólarnir eru í lykilaðstöðu til að opna dyr sínar fyrir því fólki á öllum aldri, sem vill bæta menntun sína til að fá aðgang að frekara námi og styrkja hæfni sína og stöðu á vinnumarkaði. Þetta er því aðeins fært að skólarnir fái rekstrarfé til að halda uppi nægilega mikilli og fjölbreyttri starfsemi. Fjármunum til menntunar er vel varið, hvort sem vel árar eða illa. Samfélagið þarf alltaf á mannauði og menningu skólanna að halda. Vanhugsaðar ákvarðanir um mikinn sparnað í skólakerfinu geta valdið óbætanlegum skaða um mörg ókomin ár. Fundurinn hvetur ríkistjórn og Alþingi til



Staðan er þannig að ef menn ætla að krukka eitthvað verulega mikið meira í skólann þá er hreinlega hætt við að hann hrynji. Viljum við hrun í skólastarfinu?

dáða og væntir þess að fulltrúar þjóðarinnar hafi kjark til að standa gegn niðurskurði í menntakerfinu.

ÚR BRÉFI SEM FÉLAG FRAMHALDSSKÓLA-KENNARA SENDI TRÚNAÐARMÖNNUM, FORMÖNNUM OG FULLTRÚUM KENNARA Í SAMSTARFSNEFNDUM Í APRÍL

„Kjarasamningur KÍ/framhaldsskóla sem losnaði 31. mars sl. gildir þar til nýr hefur verið gerður. Stofnanasamningar eru sér-stakir samningar stofnunar og stéttarfélags á vinnustað um útfærslu á gr. 1.2.1, 1.2.2 og 11. kafla kjarasamnings KÍ/framhaldsskóla. Stofnanasamningar eru hluti af miðlægum kjarasamningi skv. gr. 11.1.1 kjarasamnings. Aðrir hlutar kjarasamningsins eru ekki viðfangsefni stofnanasamninga. Félagið beinir þeim tilmælum til trúnaðarmanna og fulltrúa kennara í samstarfsnefndum að hafa strax samband við sinn erindreka og/eða stéttarfélagið (adalheidur@ki.is; oddu@ki.is) ef fyrirhugað er að skerða kjör í tengslum við breytingar á rekstri eða starfsemi skólans. Öllum spurningum sem vakna um þetta ber að beina til erindreka og/eða stéttarfélagsins. Í lok þessa bréfs er yfirlit yfir erindreka FF.“

EFTIR FUNDINN

Eftir fundinn hitti blaðamaður nokkra formenn að máli og bað þá að segja aðeins meira frá ástandi í skólum, upplifun kennara, aðgerðum atvinnurekenda og viðbrögðum og aðgerðum aðildarfélaga KÍ.



Ljósmynd: keg

Björg Bjarnadóttir formaður FL

Við finnum fyrir mikilli ólgu og mjög margir kennarar hafa samband. Í leikskólum eru nú þegar farnar ýmsar leiðir til að spara, meðal annars í innkaupum á búnaði og til mötuneyta, yfirvinna er nánast þurrkuð út og ef ekki verður hjá henni komist er lagt að fólki að taka hana út í leyfi. Ráðningar eru í lágmarki og það er gjarnan útskýrt þannig að draga eigi úr afleysingum. Algengt er í þessu skyni að heyra töluna fimmtíu prósent. Einnig dregur sýnilega úr sí- og endurmenntun. Um leið og þetta er allt í gangi er mikill þrýstingur á kennara og stjórnendur að skerða ekki þjónustu og

Nokkuð hefur borið á því að kennurum finnist þeim stillt upp af ráðamönnum með valkostum sem brjóta í bága við reglur og réttindi kennara. Það er að sjálfsögðu með öllu ólíðandi og ekki sveitarstjórnarmönnum samboðið að fara þannig með vald sitt á þessum erfiðu tímum.

Kennarar vænta þess að fulltrúar þjóðarinnar hafi kjark til að standa gegn niðurskurði í menntakerfinu.

við það eykst álagið. Það sem fólki finnst óþægilegt er sá hræðsluáróður sem er í gangi. Fólk spyr: Er þetta boðlegt? Samanber það sem við höfum heyrt að norðan um launalaus leyfi. Hræðsluáróður gengur aðallega út á að sagt er við kennara: Ef þið gerið ekki þetta eða hitt þá þarf að segja upp svo og svo mörgum af samstarfsmönnum ykkar. Kennurum gremjast þessi skilaboð. Þeim gremst aðferðafræðin. Þeir segja: Við nutum ekki góðærisins, hvorki í launum né aðbúnaði. Í þessu samhengi verður að geta þess að þenslan lék leikskóla mjög illa vegna þess að kennarar fóru til annarra starfa sem voru betur launuð og undirmönnun og þjónustuskerðing fylgdu í kjölfarið. Auk gremju nær hræðsluáróður til margra og þeir segja: Eigum við ekki bara að þegja svo að okkur verði ekki sagt upp? Svo er eitt enn sem ég vil nefna. Okkur Jóni Inga Einarssyni framkvæmdastjóra Skólastjóraráðs Íslands finnst sveitarfélög fara offari um þessar mundir í fyrirætlunum um samrekstur skóla. Það er verið að segja upp skólastjórum leik- og grunnskóla í tengslum við nýjan samrekstur skóla á þessum skólastígum og reyndar líka tónlistarskóla. Okkur finnst þetta harkalegt og þarna er verið að nota nýtt ákvæði í lögum um samrekstur sem var sett inn til að auðvelda fámennum byggðarlögum, þar sem illa hafði gengið árum saman, að fá fólk til starfa í skólunum. Nýjustu dæmin eru Súðavík, Tálknafjörður, Vík í Mýrdal og Búðardalur. Það sem við gerum í FL er að leiðbeina fólki um réttindi sín svo að rétt sé staðið að hlutunum. Það er ekki lögbundin skilgreind þjónusta í leikskólum svo að sveitarfélög geta, hvert fyrir sig, ákveðið þjónustustigið. Lengri sumarlokun, sveigjanlegri daglegur skólatími og ekki lengur fundir utan dagvinnutíma eru meðal þess sem er á matsaðlinum. Flestar eða allar svona ráðstafanir hafa í för með sér tekjuskerðingu. Við höfum ekki enn fengið inn á borð til okkar aðrar uppsagnir en þær sem tengjast samrekstri skóla og ég

tel ólíklegt að það komi til uppsagna.



Ljósmynd: keg

Ólafur Loftsson formaður FG

Okkar fólk hringir mjög mikið og mest út af áhyggjum af ráðningarforminu. Eftir síðustu kjarasamninga var samið um nýjar skilgreiningar á ótímabundinni og tímabundinni ráðningu og víða gerðu skólastjórnarmenn mistök í kjölfar þessara breytinga. Þannig voru kennarar ráðnir tímabundið sem áttu að fá ótímabundna ráðningu. Þetta var því miður ekki óalgengt en er nú sem betur fer að leysast, að mér sýnist. Nú er það svo að fyrstu fjórir mánuðirnir í starfi kennara eru reynslutími og að þeim loknum er kennarinn fastráðinn og kominn í ótímabundið starf. Þetta er meginreglan. Hægt er að ráða kennara tímabundið við sérstakar aðstæður svo sem vegna fæðingarorlofa, launalausra leyfa og námsleyfa. Kennarar spyrja einnig mikið um biðlaunarétt, hvort þeir eigi rétt á biðlaunum komi til uppsagnar og ef svo er, hve langan rétt þeir eigi. Enn má nefna að fólk spyr mikið um hugmyndir um að stytta skólaárið í 170 daga. Við höfum bent á að þetta þurfi tæplega að ræða enda bryti það í bága við lög. En það er þungt

hljóðið í okkar fólki og ekki að undra, það er til dæmis mjög þungbært fyrir samhenta kennarahópa að horfa á eftir einhverjum einum af sínum samstarfsmönnum missa starfið. Stjórnámálameinn á vettvangi bæði ríkis og sveitarfélaga keppast hver um annan þveran við að segjast ætla að standa vörð um störfín og verja grunnþjónustuna. Þetta eru fögur orð en stundum virðist á skorta að alvara liggja þeim að baki. Hvað þýðir þetta? Hvaða störf á að standa vörð um og hvað er grunnþjónusta? Nú er kominn tími til að segja, á landsvísu: Hingað og ekki lengra! Við verðum að forgangsraða börnunum í vil. Þetta er nýtt umhverfi fyrir okkur kennara eins og aðra. Við erum að kortleggja ástandið og einbeitum okkur að því að verja réttindi félagsmanna hvar sem á þau er ráðist. Við leggjum jafnríka áherslu á að verja rétt nemenda og fjölskyldna og um leið gæði námsins. Loks veitum við félagsmönnum ráðgjöf og aðstoðum þá á ýmsa lund. Við stöndum fast á því að kjarasamning beri að virða enda fer það saman við að verja grunnþjónustu og standa vörð um hag nemenda. Við höfum til dæmis ítrekað bent á að sé starfsdögum skóla fækkað bitnar það fyrst og síðast á börnunum. Staðan er þannig að ef menn ætla að krukka eitthvað verulega mikið meira í skólann þá er hreinlega hætt við að hann hrynji. Viljum við hrun í skólastarfinu?



Sigrún Grendal formaður FT

Víða herðir að í starfsemi tónlistarskóla í þeim þrengingum sem þjóðin gengur í gegnum. Á trúnaðarmannafundi sem haldinn var um miðjan febrúar greindu fundarmenn frá stöðu mála á hverjum stað og blasir niðurskurður við á mörgum stöðum. Mörg sveitarfélög hafa nú þegar boað niðurskurð og annars staðar vofir ákvörðun þar að lútandi yfir. Þau dæmi sem félagið hefur upplýsingar um hljóða upp á 7-20% niðurskurð. Ýmsar leiðir hafa verið til umræðu í skólunum til að mæta niðurskurði. Á sumum stöðum er bara um niðurskurð að ræða á rekstrarfé skólans öðru en launakostnaði en víða er talað um að skera niður yfirvinnu, lækka starfshlutfall og segja stundakennurum upp. Þá ræða skólar líka mögulegar breytingar í þjónustu skólanna til að ná fram hagræðingu. Einhverjir skólar munu



Stofnanasamningar voru alls ekki hugsaðir sem farvegur til niðurskurðar. Það má ekki gerast. Fólk verður að vera á varðbergi gagnvart slíkum tilraunum.

draga úr starfsemi sem lýtur að hljómsveitarstarfi, samspili, meðleik, heimsóknum og ferðalögum sem dæmi. Einnig eru til umræðu breytingar á kennslufyrirkomulagi en á trúnaðarmannafundi félagsins kom sú áhersla skýrt fram að standa ætti vörð um þjónustu í aðalfagi, þ.e. einkakennslu á hljóðfæri í forminu 60 mínútur á viku. Staðan í tónlistarskólum er vandmeðferðin og mikilvægt að halda þétt utan um skólahaldið, óháð breytingum sem ráðist verður í, svo að starfsemin bíði sem minnstan skaða af til framtíðar. Margir skólustjórnendur hafa leitað til félagsins vegna niðurskurðarinnar og leita menn allra leiða til að standa vörð um störf fastra kennara við skólana og að þær breytingar sem farið verður í verði í sem mestri sátt við kennara. Kennarar sem hafa samband eru í mörgum tilfellum að leita upplýsinga um þau lög og reglur sem gilda um uppsagnir og vilja ræða framkvæmd annarra breytinga í tengslum við niðurskurð. Nokkuð hefur borið á því að kennurum finnst þeim stillt upp af ráðamönnum með valkostum sem brjóta í bága við reglur og réttindi kennara. Það er að sjálfsögðu með öllu ólíðandi og ekki sveitarstjórnarmönnum samboðið að fara þannig með vald sitt á þessum erfiðu tímum. Samhliða því að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og veita aðstoð við kjaraleg atriði telur félagið þýðingarmikið að vinnan næstu misseri

miði markvisst að því að styrkja stöðu tónlistarskóla og starfsemi þeirra. Ein leiðin að því marki er fagleg sókn. Við munum leggja áherslu á stór fagleg málefni sem varða stéttina og eru til þess fallin að stuðla að því að tónlistarskólar standi sterkari en ella þegar birta tekur aftur. Þetta eru mál eins og ný lög um tónlistarfræðslu, en vinna við þau hefur legið niðri hjá menntamálaráðuneytinu, lenging kennaramenntunar til samræmis við menntun annarra stétta og athugun á kostum og göllum lögverndunar sbr. samþykkt frá ársfundi okkar í febrúar. Þá vinnur menntamálaráðuneytið að framkvæmd könnunar á listfræðslu á Íslandi og er félagið í samstarfi við ráðuneytið um þann hluta sem snýr að tónlistarskólunum. Í desember nk. verður norræn ráðstefna haldin á Íslandi undir yfirskriftinni „Innovation and Creativity in the hands of the young“ og vinnur félagið að því í samstarfi við menntamálaráðuneytið að fyrrgreindri könnun verði þar gerð ítarleg skil og

sjónum beint sérstaklega að starfsemi tónlistarskóla.



Ljósmynd: keg

Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður FF Í fjárlögnum fyrir árið 2009 er flatur niðurskurður um 3% hjá framhaldsskólum. Þetta mun eflaust þýða aukið aðhald í rekstri skóla en við höfum ekki fulla yfirsýn ennþá yfir hvernig þetta kemur út í einstökum skólum. Við vitum þó að á næstu önn gæti orðið samdráttur í einhverjum skólum, til dæmis

gjofsemgefur.is

Félagsmenn! Lesið það sem þið fáið sent frá KÍ og aðildarfélögum ykkar innan sambandsins, þar geta verið mikilvægar upplýsingar um ykkar hag. Hringið eða sendið okkur upplýsingar um niðurskurð og til að fá upplýsingar sem varða störf ykkar og starfsöryggi. Kynnið ykkur upplýsingar á www.ki.is og undirsíðum aðildarfélaga.

Í yfirvinnu. Staða framhaldsskólans er mjög óljós, við heyrum ýmsar hugmyndir um niðurskurð á fjárveitingum til skólanna fyrir árið 2010 og næstu ár. Mesta áhyggjuefnið er fjárlögin fyrir árið 2010 og næstu ár á eftir. Enn er ekki búið að birta neina ramma fyrir 2010. Við leggjum mikla áherslu á að menntamálaráðuneytið forgangsraði í opinbera menntakerfinu með það að markmiði að standa vörð um kjarnastarfsemi skólanna, utanumhald og umsjón nemenda. Ráðuneytið þarf að svara ýmsum spurningum svo sem hvort skólarnir eigi að standa opnir fyrir atvinnulausa. Við hvaða hópumeiga framhaldsskólar að taka, þeim nemendum sem eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri eða mun breiðari hópi eins og hefur verið í mörgum skólum? Einnig höfum við nefnt að ráðuneytið skoði hvort hægt sé að leggja til hliðar um stundarsakir einhver verkefni sem raska ekki heildarhagsmunum nemenda. Mikilvægt er að ráðuneytið forgangsraði verkefnum og starfsemi og veiti skólastjórnendum leiðbeiningar um markmið og leiðir. Ráðuneytið þarf að fara í þessa skilgreiningarvinnu. Það er mikilvægt að allir haldi ró sinni, ég ítreka að enn liggja upplýsingar um fjárveitingar til skóla árið 2010 ekki fyrir. Það er líka mjög mikilvægt að muna hvar ábyrgðin á ákvörðunum liggur þegar þar að kemur: Hjá ráðuneytinu og stjórnendum skóla. Það gengur ekki að kennarar taki þátt í skuldbindandi umræðum og ákvörðunum um niðurskurð. Kennarar í framhaldsskólum hafa áhyggjur, það fer ekkert á milli mála. Undanfarin ár, í svokölluðu góðæri, hefur verið mjög mikið aðhald í rekstri skólanna og kennarar finna m.a. fyrir því í fjölmennari námshópum og meira starfsálagi. Launapróunin í framhaldsskólunum ber einnig með sér að framhaldsskólakennarar voru ekki þátttakendur í veislunni miklu sem ríkti í samfélaginu. Þessar vikurnar erum við að búa okkur undir enn alvarlegri stöðu. Við skynjum mjög vel að staðan gæti orðið mjög alvarleg frá og með næsta ári og trúnaðarmenn, kennarar í samstarfsnefndum og stjórnir félagsdeilda ræða um og vinna í þessu með okkur í stjórn og samninganefnd félagsins. Þessi mál voru mikið til umræðu á trúnaðarmannanámsskeiði í febrúar og fulltrúafundi í mars. Við erum að vinna í upplýsingagjöf fyrir okkar fólk og sendum út efni um meðal annars hvernig bregðast skuli við því ef reynt er að koma ábyrgð á niðurskurði yfir á kennara. Ég ítreka að það gengur ekki að starfsmenn taki slíkar skuldbindandi ákvarðanir þó svo þeir geti að sjálfsögðu tekið þátt í opnum

umræðum um stöðuna á kennarafundum. Við bjóðum félagsdeildum okkar upp á fundi til að ræða málin og við höfum líka fyrirkomulag erindrekrar við félagsdeildirnar. Við erum sjö talsins í stjórn og samninganefnd félagsins sem skiptum framhaldsskólunum á milli okkar, höfum samband við okkar fólk í skólunum og fylgjumst með. Við erum með miðlægan kjarasamning og síðan þrjátíu stofnanasamninga þannig að það er að mörgu að hyggja. Hugsunin á bak við stofnanasamninga er að færa hluta samningagerðar heim í hérað og gefa skólum og starfsmönnum tækifæri til að aðlaga

áherslur að sínum þörfum. Þannig myndi gefast meðal annars meira færi á að bæta launin. Í þessu felst ábataskiptahugsun, að nota rekstrarafgang til að bæta kjör. En það er ljóst að þessi hugsun hefur ekki virkað í framhaldsskólunum, það sýna upplýsingar um launapróunina. Stofnanasamningar voru hins vegar ekki hugsaðir sem farvegur fyrir niðurskurð! Kennarar verða að vera á varðbergi og hafa strax samband við okkur ef og þegar áform koma fram um niðurskurð sem bitna á samningsbundnum kjörum.

keg



Heilsuleikskólinn Krókur

Okkur vantar kennara fyrir næsta skólaár til að vinna að framgangi heilsustefnunnar.

Skólarnir okkar eru:

- Krókur í Grindavík krokur@skolar.is - Hulda
- Kór í Kópavogi kor@skolar.is - Bjarney
- Hamravelli í Hafnarfirði hamravellir@skolar.is - Salvör
- Háaleiti í Reykjanesbæ haaleiti@skolar.is - Rósa
- Ársól í Reykjavík arsol@skolar.is ungbarnaskóli - Berglind
Í Ársól vantar einnig deildarstjóra.

Kynnið ykkur starfsemina skolar@skolar.is, Pétur
Einnig upplýsingar hjá unnur@skolar.is, Unnur



Lesskilningur, námskeið 17. ágúst n.k.

Hvað ber þér að athuga þegar nemandi þinn, 10 ára eða eldri, jafnvel fullorðinn, á erfitt með að skilja lesefnið?

Þú spyrð þig örugglega spurninga um hvernig þú getir haft áhrif á lestrarlag og setningafræðilega kunnáttu í því skyni að efla lesskilning hans.

Á þessu námskeiði færðu svör við spurningum af þessu tagi og leiðsögn í vinnubrögðum.

Ágæti kennari og sérkennari:

Líttu inn á forsiðu <http://www.lrl.is> og sæktu um námskeiðið fyrir 6. maí

Finndu ítarlegri upplýsingar undir krækjunni Námskeið.

Árspaning Samtaka fámennra skóla



Menntun á tímum uppgjors og endurnýjunar: Samtök fámennra skóla 20 ára

Árspaning Samtaka fámennra skóla 2009 verður haldið í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit laugardaginn 9. maí nk og hefst kl 13:30.

Á þinginu verður 20 ára afmælis samtakanna minnst en síðan verða fluttir eftirfarandi fyrirlestrar með tilheyrandi umræðum:

•*Það þarf þorp til að mennta barn – og barn til að mennta þorp:*
Rúnar Sigþórsson dósent við Háskólann á Akureyri

•*Hvað finnst mér eða hvað finnst ykkur að mér eigi að finnst?*
Um sjálfstæða hugsun og búsetu:
Ævar Kjartansson útvarpsmaður

•*Byggðir og bú. Um stoðkerfi menntunar í dreifbýli:*
Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga

Aðalfundur Samtaka fámennra skóla verður haldinn síðar um daginn.

Skráningarfrestur er til 6. maí nk og skulu skráningar berast á netfangið oliarn@storutjarnaskoli.is. Skráningargjald er kr 2.000- (síðdegiskaffi innifalið). Þeir sem ætla að taka þátt í hátíðar-kvöldverði og árhátíð SFS (kr 3000-) taki það fram sérstaklega. Frekari upplýsingar um þingið og aðalfundinn á www.ismennt.is/vefir/sfs/



Lærdómsrit Bókmenntafélagsins – vegvísir til vísku og mennta



Fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi – nytsöm
vönduð með skýringum – áhugaverð – auðlesin
tyrfin – víðsýn – safngripir – kíktu á www.hib.is



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b · Sími: 588 9060 · Netfang: hib@islandia.is · www.hib.is

Niðurskurður í leik- og grunnskólum

Samband íslenskra sveitarfélaga gerði nýverið könnun á niðurskurði sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum. Í upplýsingum frá sambandinu sem sendar voru sveitarfélögum kemur fram að alls bárust svör frá 43 sveitarfélögum við spurningalista og því til viðbótar komu upplýsingar frá sjö sveitarfélögum sem ýmist eru í skólarekstri með öðrum sveitarfélögum, hafa ekki gripið til hagræðingaraðgerða eða eru í annars konar endurskipulagningu á skólarekstri sem ekki kemur beint

við efnahagsástandinu. Svör þessara 50 sveitarfélaga ná til tæplega 90% íbúa landsins. Hér er heildaryfirlit yfir svörin en vakin er athygli á því í upplýsingum sambandsins að liður 2.02 *Kennsluskylduhámark kennara fullnýtt* getur þýtt tvennt. Annars vegar að kennari sem ekki er í 100% starfi er beðinn um að taka að sér fulla kennslu (26 stundir). Hins vegar getur skólastjóri samið sérstaklega við hvern og einn kennara um að hann kenni 27-30 stundir á viku gegn því að létt verði á vinnuskyldu kennarans að öðru leyti, sbr. grein 2.5.1 í kjarasamningi.

Þættir	Ákveðið	Til umræðu	Ekki til umræðu	Á ekki við	Samtals
1. Leikskóli					
1.14 Dregið úr búnaðarkaupum	70,0%	10,0%	15,0%	5,0%	100,0%
1.15 Dregið úr vöru- og þjónustukaupum	67,5%	15,0%	12,5%	5,0%	100,0%
1.05 Dregið úr yfirvinnu	66,7%	10,3%	17,9%	5,1%	100,0%
1.16 Dregið úr framkvæmdum	64,1%	10,3%	15,4%	10,3%	100,0%
1.10 Hagrætt í fyrirkomulagi starfsmannafunda	59,0%	12,8%	23,1%	5,1%	100,0%
1.17 Dregið úr aksturskostnaði	56,8%	10,8%	24,3%	8,1%	100,0%
1.07 Dregið úr kostnaði við endur- og símenntun	47,4%	18,4%	28,9%	5,3%	100,0%
1.08 Dregið úr afleysingu vegna veikinda/fjarveru stm.	41,0%	17,9%	35,9%	5,1%	100,0%
1.13 Hagræðing í mótuneyti/fæðiskostnaður	28,9%	23,7%	39,5%	7,9%	100,0%
1.02 Sumarlökun lengd	28,2%	10,3%	51,3%	10,3%	100,0%
1.09 Undirbúningstími færður að lágmarki	28,2%	10,3%	43,6%	17,9%	100,0%
1.01 Daglegur opnunartími styttur	15,4%	15,4%	66,7%	2,6%	100,0%
1.03 Leikskólagjöld hækkuð	7,9%	13,2%	73,7%	5,3%	100,0%
1.11 Hagrætt í skipulagi sérkennslu	7,7%	25,6%	48,7%	17,9%	100,0%
1.06 Stjórnunarhlutfall lækkað	5,3%	23,7%	63,2%	7,9%	100,0%
1.12 Dregið úr sérfræðiþjónustu	2,6%	13,2%	71,1%	13,2%	100,0%
1.04 Aldursviðmið við innistöku hækkuð	0,0%	10,3%	82,1%	7,7%	100,0%
1.18 Áhersla á aukid starf sjálfbóðaliða	0,0%	7,9%	68,4%	23,7%	100,0%
1. Leikskóli Total	33,3%	14,4%	43,2%	9,1%	100,0%
2. Grunnskóli					
2.03 Dregið úr yfirvinnu	69,0%	21,4%	7,1%	2,4%	100,0%
2.04 Dregið úr forfallakennslu	69,0%	19,0%	9,5%	2,4%	100,0%
2.19 Dregið úr búnaðarkaupum	69,0%	21,4%	4,8%	4,8%	100,0%
2.24 Dregið úr vöru-/þjónustukaupum	69,0%	23,8%	7,1%	0,0%	100,0%
2.25 Dregið úr framkvæmdum	68,3%	9,8%	19,5%	2,4%	100,0%
2.26 Dregið úr aksturskostnaði	57,5%	17,5%	22,5%	2,5%	100,0%
2.22 Dregið úr kostnaði við prentun, ljósritun, pappír...	54,8%	26,2%	16,7%	2,4%	100,0%
2.11 Dregið úr kostnaði v/vettvangsferða	53,7%	22,0%	17,1%	7,3%	100,0%
2.06 Dregið úr kostnaði við endur- og símenntun	37,5%	30,0%	22,5%	10,0%	100,0%
2.20 Dregið úr kostnaði v/félagstarfa nem.	36,6%	22,0%	36,6%	4,9%	100,0%
2.09 Hagrætt í skipulagi sérkennslu	30,0%	27,5%	35,0%	7,5%	100,0%
2.02 Kennsluskylduhámark kennara fullnýtt	28,2%	20,5%	38,5%	12,8%	100,0%
2.08 Samkennsla aukin	21,4%	47,6%	23,8%	7,1%	100,0%
2.05 Stjórnunarkvóti lækkaður	20,0%	25,0%	45,0%	10,0%	100,0%
2.12 Hagræðing í mótuneyti	17,5%	22,5%	45,0%	15,0%	100,0%
2.13 Hækkun á verði skólamötuneyta	15,0%	10,0%	65,0%	10,0%	100,0%
2.17 Skólaliðum fækkað	15,0%	27,5%	47,5%	10,0%	100,0%
2.10 Dregið úr sérfræðiþjónustu	12,5%	17,5%	60,0%	10,0%	100,0%
2.14 Hagræðing í skólaakstri/fækkun ferða	12,5%	30,0%	35,0%	22,5%	100,0%
2.18 Stuðningsfulltrúum fækkað	10,0%	27,5%	47,5%	15,0%	100,0%
2.21 Hagrætt í foreldrasamstarfi	10,0%	10,0%	52,5%	27,5%	100,0%
2.23 Dregið úr frímínútnagæslu	10,0%	17,5%	60,0%	12,5%	100,0%
2.07 Fækkun úthlutaðra kennslustunda	7,5%	47,5%	35,0%	10,0%	100,0%
2.27 Áhersla á aukid starf sjálfbóðaliða	7,5%	15,0%	45,0%	32,5%	100,0%
2.01 Vikulegur kennslutími nemenda skertur*	5,0%	12,5%	75,0%	7,5%	100,0%
2.15 Næðisstundum fækkað	2,5%	10,0%	42,5%	45,0%	100,0%
2.16 Skólasafnakennurum fækkað	2,5%	10,0%	55,0%	32,5%	100,0%
2. Grunnskóli Total	30,4%	21,9%	35,6%	12,0%	100,0%
3. Fræðslumál almennt					
3.02 Dregið úr yfirvinnu	53,8%	15,4%	20,5%	10,3%	100,0%
3.07 Neðdargreiðslur lækkaðar	50,0%	5,3%	39,5%	5,3%	100,0%
3.04 Lækkun á fjárveitingum til tónlistarskóla	42,1%	15,8%	39,5%	2,6%	100,0%
3.08 Fundum fræðslunefndar fækkað	36,8%	13,2%	44,7%	5,3%	100,0%
3.03 Hagrætt í störfum skólaskrifstofa	23,7%	21,1%	26,3%	28,9%	100,0%
3.10 Styrkir til fræðslumála lækkaðir	21,1%	13,2%	52,6%	13,2%	100,0%
3.06 Starfsfólki fækkað	15,8%	34,2%	42,1%	7,9%	100,0%
3.05 Samnýting/færsla/starfsfólks	10,3%	43,6%	33,3%	12,8%	100,0%
3.01 Samrekstur skólastiga	7,5%	40,0%	35,0%	17,5%	100,0%
3.09 Neðdafulltrúum fækkað	2,6%	10,5%	73,7%	13,2%	100,0%
3. Fræðslumál almennt Total	26,3%	21,4%	40,6%	11,7%	100,0%
Samtals	30,6%	19,4%	39,0%	11,0%	100,0%

Ályktun um stöðu tónlistarskólanna í landinu

Félag tónlistarskólakennara sendi eftirfarandi ályktun til borgarstjóra og borgarstjórnar Reykjavíkur í janúar sl.

Í nýafstöðnum kjarasamningum samninganefndar Launanefndar sveitarfélaga og samninganefndar tónlistarskólakennara lagði Launanefndin fram sem meginmarkmið sitt í samningagerð aðila „að standa vörð um atvinnuöryggi starfsmanna sveitarfélaga“.

Með vísan í þetta meginmarkmið Launanefndar sveitarfélaga vill Félag tónlistarskólakennara benda á mikilvægi þess, að allir starfsmenn sveitarfélaga sitji við sama borð hvað þessi mál varðar. Huga verður að atvinnuöryggi tónlistarskólakennara jafnt og annarra við þau vandasömu úrlausnarefni sem sveitarfélög standa frammi fyrir um þessar mundir.

Það er ljóst að þótt rekstur tónlistarskóla falli ekki undir skyldubundin verkefni sveitarfélaga þá gegna skólarnir lykilhlutverki sem hluti af grunnþjónustu hver á sínum stað og starfsemi þeirra teygir anga sína inn á mörg svið.

- Tónlistarskólarnir gegna bæði mennta- og menningarhlutverki í nærumhverfi sínu og eru eitt öflugasta tækið sem sveitarfélög hafa til að efla menningar- og listastarfsemi í samfélaginu.
- Á vegum menntamálaráðuneytisins er hafin rannsókn á eðli, umfangi og áhrifum listfræðslu á Íslandi. Niðurstöðurnar verða m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun námskráa á öllum skólastigum. Bæði héraendis og erlendis er vaxandi hljómgrunnur og skilningur á því gildi sem tónlistarfræðsla hefur fyrir heildstæða og góða menntun.
- Mikilvægi skapandi námsgreina, menningar og lista, sem hluti af okkar menntakerfi fer vaxandi bæði í hinu stóra samhengi og hinu smáa.
 - Breyttar þarfir samfélaga á núliðandi öld kalla eftir auknu vægi skapandi námsgreina í menntun.
 - Fólk leitar í vaxandi mæli til lífsgæða sem felast í listum og menningu - ekki síst við aðstæður eins og þær sem nú ríkja í þjóðfélaginu.
- Talað er um að 21. öldin verði öld skapandi atvinnugreina en eins og Ágúst Einarsson rektor við Háskólann á Bifröst hefur bent á þá eiga skapandi atvinnugreinar rætur í menningu og menningin á rætur sínar í listum.
- Í þeirri þekkingu og reynslu sem tónlistarskólar búa yfir felast tækifæri til að þróa hið almenna skólakerfi.

SÉRHYR SKÓLI Á AÐ VERA TÓNLISTARSKÓLI

Mikilvægi skapandi námsgreina í skólastarfi fær nú aukna athygli á alþjóðavettvangi, ekki síst vegna þess að UNESCO hefur sett listir í skólastarfi á stefnuskrá sína. Þá hefur framkvæmdastjórn ESB ákveðið að 2009 verði ár sköpunar og Bretar hafa ýtt úr vör verkefninu „Sérhver skóli á að vera tónlistarskóli“ og lagt því til 332 milljónir sterlingspunda. Norrænir stjórnáráðgjafar hafa gert könnun á því hvaða áhrif skapandi námsgreinar, eins og leiklist og dans, hafa á líðan og árangur nemenda í bóklegum greinum. Niðurstöðurnar eru óbyggjandi.

„Nemendurnir sýna meiri ábyrgð í námi og framsetning þeirra á námsefninu verður betri þegar þeir eiga kost á að velja skapandi greinar. Þeir ná einnig betri árangri í móðurmáli og stærðfræði og sést það greinilega í PISA könnunum,“ segir Mogens Jensen formaður Menningar- og menntanefndar Norðurlandaráðs. „Markmiðið er ekki að allir nemendur verði listamenn. List og menning eru verðmæti sem geta aukið vellíðan og gæði náms og Norðurlönd standa sig nú þegar vel. En það er þó á sameiginlegu átaki og samræmi milli landanna sem getur bætt árangurinn enn frekar.“

Við viljum enn fremur vekja athygli á að tónlistarnám er langt ferli og samfella náms er þar mjög mikilvæg. Það er brýnt að nemendur sem hafa lagt mikla vinnu, tíma og kostnað í tónlistarnám sitt þurfi ekki að hætta námi nú þótt tímabundið kreppi að.

Nú skiptir sköpum fyrir sveitarfélög að skapa sér jákvæða ímynd sem laðar að bæði fólk og fjármagn. Þættir eins og menning, listir og menntun skipta miklu máli um

hvernig sveitarfélögum tekst til við að laða til sín og halda í hæfileikaríka einstaklinga. Frjótt og gagnvirkt umhverfi, þar sem nýjar hugmyndir verða til og ná að dafna, verður ekki til án skapandi einstaklinga.

Við hvetjum sveitarfélög til að gæta þess að ekki verði vegið að tónlistarskólanum og því þýðingarmikla starfi sem hann stendur fyrir.

ALBA
Gistiheimili

Orlofsávísanir Kí gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

www.alba.is

Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík

stay@alba.is • Sími 552 9800



Mikil gróska í námi í rafiðnum

Valdemar Gísli Valdemarsson

Árið 2006 gekk í gildi ný aðalnámskrá um rafiðnfög. Hún var endurskoðuð sumarið 2008 og samþykkt af þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, í ársbyrjun 2009. Í þessari námskrá felast töluvert miklar og jákvæðar breytingar á námi rafiðnaðarmanna. **Valdemar Gísli Valdemarsson** skólastjóri Raftækniskólans stingur í samband og upplýsir lesendur um stöðu mála.

Námskráin nær yfir öll rafiðnfög. Fyrst taka nemendur grunnnám rafiðna í fjórar annir. Að því loknu og sjö vikna starfsþjálfun geta nemendur fengið réttindi til stjórnunar kvikmyndasýninga. Þeir nemendur sem vilja halda áfram geta valið um faggreinarnar rafvirkjun, rafeindavirkjun, rafveituvirkjun og rafvélavirkjun.

Tvær leiðir í rafvirkjun


Flestir nemendur fara í rafvirkjun og er hægt að fara tvær leiðir, annars vegar samningsbundna leið þar sem nemendur taka hluta námsins hjá meistara en hins vegar verknámsleið sem tekur þrjár annir í skóla. Samningsleiðin felur í sér tvær annir í skóla og fjórutíu og átta vikur í starfi en verknámsleiðin tuttugu og fjórar vikur í starfi og þrjár annir í skóla. Að námi loknu geta nemendur þreytt sveinspróf. Hjá Raftækniskólanum er hægt að sækja öll rafiðnfög og er þar jafnframt starfrækt hraðdeild sem gerir nemendum með stúdentspróf kleift að taka grunnnámið á tveimur önnum.

Ellefu skólar í Tækniskólanum

Raftækniskólinn er einn af undirskólum Tækniskólans - skóla atvinnulífsins. Til upprifjunar má bæta því við að eftir sameiningu Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík urðu til ellefu undirskólar. Skólarnir eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem samnýta rekstrar- og kynningarsvið. Hver skóli nýtur mikils sjálfstæðis og hefur hver þeirra sinn skólastjóra. Einn þessara skóla er Raftækniskólinn.

Minni munur á rafvirkjun og rafeindavirkjun

Hin nýja aðalnámskrá fyrir rafiðnfög felur í sér töluverðar breytingar. Áður voru rafeindavirkjun og rafvirkjun með tvær annir sameiginlegar og fóru nemendur eftir þann tíma á aðra brautina. Núna eru fjórar annir samkeyrðar og munurinn á þessum tveimur rafiðnfögum því orðinn minni en



Lúósmyndir frá höfundri

Launakönnun sem birt var á vef Rafiðnaðarsambandsins í árslok 2007 og framkvæmd af Capacent sýndi að konur í störfum rafeindavirkja mældust í sumum tilfellum með hærri tekjur en karlar, eða allt að 28% hærri. Iðnaður er öllum þjóðum mikilvægur og skiptir góð menntun á því sviði miklu máli. Það skiptir líka máli að iðnmenntun taki framförum og að skólar séu í takt við tímann. Það er þörf á heiðarlegri og opinni umræði um iðnnám.

áður. Nám rafeindavirkja hefur styst um 25 einingar til samræmis við nám í rafvirkjun. Rafeindavirkjun hefur tekið töluverðum breytingum. Til dæmis er lögð mun minni áhersla á viðgerðir heimilistækja en áður af augljósum ástæðum, en í staðinn glíma rafeindavirkjar við tölvustýrðar iðnstýringar, rafeindavélfræði, (mechatronic) rauntímanet og forritun. Rafvirkjar læra nú mun meira í tölvutækni og rafeindatækni en áður sem styrkir stöðu þeirra verulega. Með þessu er verið að reyna að svara þörf iðnaðarins fyrir þekkingu sem hefur verið ábótavant. Þróun í iðnaði og sjálfvirkni er mikil og ljóst að rafiðnaðarmenn vinna í síauknum mæli við uppsetningar og viðhald á margskonar iðnaðarvélum.

Góð laun

Laun rafiðnaðarmanna hafa verið góð í gegnum tíðina og hafa þeir haft mikla tekjumöguleika. Launakönnun sem birt var á vef Rafiðnaðarsambandsins í árslok 2007 og framkvæmd af Capacent sýndi að konur í

störfum rafeindavirkja mældust í sumum tilfellum með hærri tekjur en karlar, eða allt að 28% hærri.

Ný vinsæl námsbraut

Vert er að vekja athygli á því að Raftækniskólinn hefur tekið upp nýja námsbraut en það er hljóðtækni. Í samvinnu við Sýrland, hljóðver, hefur verið sett á stofn metnaðarfull braut í hljóðtækni þar sem nemendur læra hljóðupptöku og hljóðvinnslu við bestu skil-yrði. Brautin er þrjár annir og er námið keyrt í bekkjarformi með sumarönn þannig að nemendur klára það á einu ári. Áhuginn á þessu námi hefur verið gríðarlegur og sóttu tæplega áttatíu nemendur um það þegar brautin fór fyrst í gang í febrúar sl. en einungis tólf nemendur komast að hverju sinni.

Röng ráðgjöf kostar erfiði

Borið hefur á því að nemendur í rafiðngreinum hafi komið til námsráðgjafa hjá Tækniskólanum og kvartað undan því



hvað námið sé erfitt. Þeir hafa fengið þær upplýsingar hjá ráðgjöfum í grunnskóla að nám í rafiðngreinum sé svo auðvelt að það henti flestum sem ekki hafi áhuga á menntaskólaleiðinni. Svo lenda þessi grey í erfiðum fögum eins og rafmagnsfræði og stærðfræði og komast að því að leiðbeiningarnar sem þau fengu frá ráðgjafa sínum voru rangar. Það er mjög brýnt að starfsmenn grunnskóla kynni sér fög iðn- og verkmenntaskóla því röng ráð-gjöf getur kostað unglingana töluvert basl og leiðindi og leitt þau í öngstræti á framhaldsskólastiginu.

Of greindur í iðnnám?

Iðnaður er öllum þjóðum mikilvægur og skiptir góð menntun á því sviði miklu máli. Það skiptir líka máli að iðnmenntun taki framförum og að skólar séu í takt við tímann. Það er þörf á heiðarlegri og opinni umræði um iðnnám. Virðing fyrir því hefur ekki risið hátt undanfarin ár og virðist sem það sé talið lélegur námskostur. Einn nemandi Raftækniskólans fékk skýr viðbrögð þegar hann tilkynnti fjölskyldu sinni að hann ætlaði að hefja iðnnám. „Þú ert of greindur til að fara í iðnskóla!“ var sagt. Í þessu liggur sú meining að iðnnám sé bara fyrir síður

greinda nema. Það er sem betur fer ekki almennt álit fólks.

Þjóðfélag án iðnmenntunar gengur ekki upp

Á það má benda að rannsóknir hafa sýnt að nám í rafiðnfögum er mjög arðbært sé reiknað út frá námstíma og tekjumöguleikum og kemur fast á hæla lækna- og verkfræðináms. Iðnaður er einn af hornsteinum þjóðfélagsins og verksmiðjum eins og járnblendi og álverum er haldið gangandi af iðnaðarmönnum, svo að ekki sé minnst á hátækniíðnaðinn. Án iðnmenntunar gæti þjóðfélagið ekki gengið. Rafiðnnemar sækja gjarnan í framhaldsnám og fer mikill fjöldi þeirra í framhaldsnám bæði hérlendis og erlendis. Það er góður kostur fyrir nema í rafmagnsverkfræði að hafa góðan faglegan grunn í rafiðnfagi. Það er enginn vafi á að í rafiðnaði og rafeindatækni eru gríðarlega mörg tækifæri til atvinnusköpunar. Sprotafyrirtæki sem risið hafa hátt sýna það og sanna að Íslendingar hafa mikla möguleika á að hasla sér völl í hátækniíðnaði. Fyrirtæki eins og Marel og Stjörnu-Oddi hafa náð langt á sínu sviði og grundvallast þeirra starfsvið á raftækni. Komandi kynslóðir íslenskra rafiðnaðarmanna eiga mikla möguleika á að hasla sér völl í annars hápróudu tækni-umhverfi.

**Valdemar Gísli Valdemarsson
Höfundur er skólastjóri Raftækniskólans.**

Evrópumerkið/European Label árið 2009



Evrópumerkið er viðurkenning fyrir **nýbreytniverkefni í tungumálanámi og tungumálakennslu** á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og menntamálaráðuneytisins. Evrópumerkið er veitt annað hvert ár og er ráðgert að viðurkenningin verði veitt á Evrópskum tungumáladegi 26. september nk.

Umsóknarfrestur um Evrópumerkið í ár er til 30. júní nk. Umsóknun er hægt að skila rafrænt til Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins á slóðinni: <http://www.ask.hi.is/page/evropumerki2009>

Eftirfarandi evrópsk forgangssvið verða árið 2009:

1. Tungumál og fjölmenning
2. Tungumál og viðskipti

Forgangssviðin eru ekki bindandi

Á meðfylgjandi slóð má sjá þau verkefni sem hafa verið styrkt <http://www.ask.hi.is/page/evropumerki>
Nánari upplýsingar gefur Ragnhildur Zoega á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, sími 525 5813.
Netfang: rz@hi.is. www.ask.hi.is

Outdoor Education, Learning and Play: Ages 8 - 12

Burriss, K. G. og Boyd, B. F. (Ritstj.) (2005). Outdoor education learning and play: Ages 8-12. Olney MD: Association for Childhood Education International.



Ina Björg Árnadóttir og Ingunnur Heiða Kjartansdóttir


Þessi bók er samsett af fimmtán greinum eftir ýmsa höfundum sem eiga það flestir sameiginlegt að vera háskólaprófessorar í kennslu-, uppeldis-, menntunar- og tómskundafraeðum. Í upphafi tala ritstjórar meðal annars um áhyggjur sínar af því að börn í nútíma samfélagi hafi glatað tengslum við náttúruna og kunnir ekki lengur að nota hana sem uppsprettu leiks. Þar af leiðandi kunnir þau ekki að meta gildi hennar og bera virðingu fyrir henni. Bókinni er ætlað að hjálpa kennurum og öðrum sem vinna með börnum að skilja af hverju leikur utandyra er þeim mikilvægur. Einnig að benda á leiðir til að útfæra nám og leik utandyra á árangursríkan hátt.

Bókin er í þremur hlutum og er hver þeirra fimm kaflar. Fyrsti hlutinn fjallar um leik og aðstæður til leiks frá sögulegu sjónarhorni. Gerð er grein fyrir mismunandi aðstæðum til leiks utandyra og hvernig þar er hægt að taka tillit til einstaklinga með sérþarfir. Þá er talað um gildi frjáls útileiks fyrir viðtækan þroska barna, það er félags-, vitsmuna-, tilfinninga- og líkamsþroska, og komið með dæmi um hvernig hann eflir hvern þroskaþátt fyrir sig. Í öðrum hluta er fjallað um hvernig frjáls leikur og útivera skapa tækifæri fyrir börn til að þjálfa nýja þroskaþætti og prófa sig áfram í því sem þau hafa þegar lært. Lögð er áhersla á mikilvægi frímínútna í skóla í ljósi þess að í Bandaríkjunum er algengt að sá tími hafi verið stytur til muna eða alveg tekinn af. Því er haldið fram að frjáls útileikur geti jafnvel aukið námsárangur þar sem börn fá þar útrás fyrir streitu auk þess sem hann eflir hina ýmsu þroskaþætti þeirra. Í þriðja hluta er fjallað um hvernig hægt er að nota útiveru og náttúru til náms í frjálsum leik og skipulögðu námi. Fjallað er sérstaklega um vísindi, félagsfræði, listir og landafræði og komið inn á ýmsa möguleika til að nota náttúru og útiveru sem efnivið í þessum námsgreinum.

Umfjöllunarefni bókarinnar er ekki nýtt af nálinni. Hins vegar koma höfundar með áhugaverð sjónarhorn á mikilvægi leiks í ljósi breyttra tíma í leik barna. Þeir tala um að aðstæður barna til leiks séu að breytast meðal annars vegna aukinnar inniveru, tölvuleikjanotkunar og meiri hræðslu foreldra við umhverfið. Einnig að þátttaka barna í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi hafi aukist mikið á kostnað frjálsa leiksins. Þetta geri að verkom að börn séu minna úti en áður tíðkaðist og fái færri tækifæri til frjáls leiks. Þannig

rökstyðja höfundar mikilvægi útiveru sem hluta af skóladagskrá þar sem ekki sé hægt að ganga að því vísu að börn njóti útivistar heima fyrir. Þrátt fyrir að umhverfið á Íslandi sé vissulega öruggara til útileiks en í Bandaríkjunum teljum við að þessi umræða eigi engu að síður vel við hérlandis þar sem þróunin hefur verið með svipuðu móti og þar. Útinám hefur einnig verið að ryðja sér til rúms í íslensku skólakerfi þar sem sífelld fleiri skólar og leikskólar eru að innleiða það sem hluta af námsskrá. Málefni bókarinnar gæti því átt upp á pallborðið hjá þeim aðilum sem vinna að útikennslu á Íslandi.

Þrátt fyrir að bókin sé skrifuð af nokkrum höfundum tekst að mynda eina heild með góðu flæði. Kaflarnir koma í eðlilegri röð og mynda þannig söguþráð í gegnum alla bókina. Að okkar mati kemst mikilvægi leiks utandyra vel skila. Í því samhengi er vitnað í þekktu kennismíði á borð við Piaget, Vygotsky og Rousseau sem allir tala um mikilvægi leiks fyrir þroska barnsins. Auk þess er komið með góð rök fyrir því að náttúran sé ákjósanlegri staður til leiks en aðstæður innanhúss þar sem hún bjóði upp á meira rými og ótakmarkaðan efnivið sem hægt er að nýta til leiks og náms. Þannig sé náttúran góð viðbót við hina hefðbundnu kennslustofu. Einnig teljum við að margar þær hugmyndir sem höfundar nefna til að innleiða frjálsan leik og skipulögð verkefni utandyra í hefðbundnar námsgreinar séu áhugaverðar. Að okkar mati eru sumar þeirra þó ekki nægilega hagnýtar til að auðvelt sé að útfæra þær. Auk þess mætti gera betri greinarmun á hvenær rætt er um frjálsan leik eða skipulagða kennslu. Heimildanotkun er mismunandi eftir höfundum og köflum. Enginn kafli byggist á frumrannsóknnum en þó vitna margir höfundar í rannsóknir annarra máli sínu til stuðnings. Að okkar mati mætti vitna meira í rannsóknir á sviðinu til að auka




Leikur er grundvallarmannréttindi barna og verður að varðveita þann rétt.

trúverðugleika umræðunnar en ef til vill skortir slíkar rannsóknir.

Á heildina litið teljum við bókina góða og að efninu sé komið vel til skila. Eftir lestur bókarinnar sannfærdumst við um að leikur er grundvallarmannréttindi barna og verður að varðveita þann rétt. Náttúran býður upp á ótakmarkaða möguleika til leiks þar sem börn fá að njóta þessara mannréttinda og því kjörið að nota leik og útiveru til kennslu.

Ingunn Heiða Kjartansdóttir og Ina Björg Árnadóttir.

Höfundar eru nemendur í uppeldis- og menntunarfræði við HÍ





ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!

Hesthálsi 10, 110 Reykjavík og Hafnarstræti 77, 600 Akureyri
 www.trex.is - info@trex.is - Sími 587 6000



LANGANESBYGGÐ

Grunnskólakennarar Leikskólakennarar

LAUSAR KENRARASTÖÐUR Í LANGANESBYGGÐ

Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Þórshöfn frá og með 1. ágúst nk.

Lausar eru eftirtaldar stöður við Leikskólann Barnaból frá og með 1. ágúst nk.

Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 8. maí nk.

Kennara vantar til almennrar kennslu, listgreinakennslu, heimilisfræði og sérkennslu.

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með um 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útvistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Upplýsingar gefa Heiðrún Óladóttir, skólastjóri í sínum 468 1164 og 893 5836, heidrun@langanesbyggd.is og Björn Guðmundur Björnsson, sveitarstjóri í sínum 468 1220 og 866-7813, bjorngb@langanesbyggd.is

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 8. maí nk.

Deildarstjóra og almenna leikskólakennara vantar.

Leikskólinn Barnaból er tveggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Skólaárið 2008-2009 eru 36 börn í leikskólanum og eru stöðugildi kennara 6. Okkur vantar áhugasama og metnaðarfulla kennara til starfa næsta skólaár. Skólanámskrá er í vinnslu og er verið að innleiða *Uppbyggingastefnuna í starfið*.

Upplýsingar gefa Steinunn Guðnadóttir, skólastjóri í sínum 4681303 og 8451191, steina@langanesbyggd.is og Björn Guðmundur Björnsson, sveitarstjóri í sínum 4681220 og 866-7813, bjorngb@langanesbyggd.is.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 8. maí nk.

Kennara vantar í almenna kennslu, textílmennt, íþróttir og heimilisfræði.

Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 10 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er góður leikskóli og verslun. Fjölbreyttir útvistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í sínum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is og Björn Guðmundur Björnsson, sveitarstjóri, í sínum 468 1220 og 866-7813, bjorngb@langanesbyggd.is



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Heimili og skóli óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlaunanna 2009

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt fimmtudaginn 4. júní 2009.

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga, félög, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á www.heimilioskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er 8. maí 2009.



TÓNLISTARLEIKHÚS:

Nanna Hlíf Ingvadóttir og Elfa Lilja Gísladóttir, tónlistarkennarar.

LEIKHÚSSPORT:

Halla Margrét Jóhannesdóttir, leikari.

SKAPANDI DANS:

Guðbjörg Arnardóttir, danskennari.

STÖKKBREYTING HLUTA:

Ilmur Stefánsdóttir, myndlistakona.

HLJÓÐSETNING VID SÖGUR:

Herdís Anna Jónsdóttir og Steef Van Oosterhout, tónlistarmenn.

SKRÁNING HAFIN –

Misstu ekki af skemmtilegasta námskeiði ársins!

SUMARNÁMSKEIÐ Á LAUGAVATNI

Kennaranámskeið Kramhússins og SÓTA (Samtök Orff-tónmennta á Íslandi) á Laugarvatni 11.–13. júní 2009.

Kennarar úr ýmsum listgreinum tónlist, dansi, leiklist og myndlist munu leiða skapandi vinnu.

SÓTI
SAMTÖK ORFF TÓNMENTA Á ÍSLANDI



www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860



Óskar Sigurðsson

Léttlestrarbækur í ensku

Bókaormasafnið frá Oxford er til fyrirmyndar

Í grein eftir Rob Waring, á kennaravefsíðu háskólaútgáfu í Oxford, er fjallað ítarlega um notagildi léttlestrarbóka í tungumálanámi, þeirra á meðal frá Oxford University Press (þ.e. *Oxford Bookworms Library*). Höfundur spyr: *Hvað eru léttlestrarbækur?* og kafla-skiptir grein sinni að öðru leyti svona: *Kennslu- og námsaðferðir að baki bókunum, að kynna þær fyrir nemendum, að setja upp og stjórna léttlestrarbókasafni og að lokum verkefni fyrir bækurnar.* Óskar Sigurðsson hefur skrifað ítarlega umfjöllun upp úr grein Robs Waring sem birt er í heild á a4.is undir Skólinn/Fréttir en hér í útdrætti. Athygli er vakin á því að í heildargreininni er m.a. fjallað um uppbyggingu léttlestrarbókasafns, mat á lestri nemenda og fleiri þætti sem ekki eru gerð skil hér.




Oft gætir fordóma í garð léttlestrarbóka (hér eftir: LB) sem náms- og kennsluefnis en þær geta þó gegnt mikilvægu hlutverki, ekki síst í tungumálanámi. Í grein sinni heldur Rob Waring því fram að:

- LB séu ekki lúxus heldur mikilvægur þáttur í þróun leshæfni nemandans (sem skiptir verulegu máli fyrir nám í erlendum tungumálum).
- LB styðji orðaforða og málfræðiskýringar á hátt sem námsbækur gera eða geta ekki gert.
- LB styðji læsi og lesöryggi nemenda sem kemur þeim að notum í prófum.
- Frjáls lestur eigi að gegna lykilhlutverki í námskrá í ensku.
- Hægt sé að nota LB á margvíslegan hátt og fella þær að öllum námskrám.

Þá fjallar hann um:

- Hvernig kennarar geta metið lestur nemenda á LB á fjölbreytilegan hátt.
- Gríðarlegan ávinning nemenda af því að lesa einfaldan texta LB í samanburði við að lesa óbreyttan texta (authentic text).
- Hvernig ávinningur af LB nær til annarrar tungumálahæfni, s.s. ritunar, hlustunar og tals.
- Tengslin á milli LB og almenns/víðtæks lestrar (extensive Reading).
- Hvernig hægt er að setja upp og stjórna LB bókasafni.

Markmið léttlestrarbóka í tungumálanámi er að sögn Waring að skapa lestrarvenju með því að leiða nemandann frá einu erfiðleikastigi til þess næsta. Til að ná því markmiði



Ljósmynd frá höfundri

les nemandinn inntaksríkt, ánægjulegt og hvetjandi efni. LB eru skrifaðar til að gera lestur auðveldan, hvetjandi og aðgengilegan fyrir lesandann. Bækurnar eru skrifaðar fyrir ólíka aldurshópa, áhugasvið og hæfnistig þannig allir nemendur ættu að finna bók við sitt hæfi. LB eru almennt séð námsefni sem nota á *utan* kennslustofunnar til að nemandinn kynnist fjölbreytni hins erlenda tungumáls og tileinki sér það betur.

Mikilvægt er að skilja að LB eru tíma-bundin *brú* yfir í erlent tungumál. Nemandinn fer af einu þyngdarstigi yfir á það næsta þar til að hann þarf ekki lengur á einfölduðum eða aðlöguðum texta að halda heldur getur óhindrað lesið upprunalegan texta tungumálsins. LB brúa bilið á farnan hátt:

- Þróa leshæfni nemandans í erlendu máli eins og um móðurmál hans væri að ræða.
- Veita tækifæri til að læra, styrkja og endurtaka tungumálið.
- Setja ábyrgð lesþróunar á herðar nemandans sjálfs.
- Vekja lesöryggi og hvata til að lesa meira.

Þessu er hægt að ná með LB vegna þess að:

- Nemendur lesa mikið textamagn (meira en er í námsbókum).
- Orðaforði og málfræði eru útskýrð eða endurtekin út frá þyngdarstigi.
- Sögur eru vel skrifaðar og hvetjandi þannig að nemandinn gleymir oft að hann sé að læra.
- Texti er einfaldaður á það stig þar sem nemendur ná best tókum á tungumálinu.

Ávinningur af lestri léttlestrarbóka

Með lestri kynnast nemendur nýja tungumálinu. Rannsóknir sýna að birta þarf nýtt erlent orð tíu til tuttugu sinnum, þar til það lærist. Í námsbókum eru slík orð oftast birt einu sinni eða tvisvar innan texta, síðan líður

jafnvel langur tími þar til nemendur sjá orðin aftur á öðrum stað og hafa þá hugsanlega gleymt merkingu þeirra. LB endurtaka hins vegar nýju orðin í sífellu til að festa þau í minni nemandans. Lestur LB á réttu þyngdarstigi gerir nemendum því kleift að auka leshraða og leshæfni.

Rannsóknir benda á tengsl milli fjölda lesinna LB og almennrar tungumálhæfni nemenda, sérstaklega er snýr að orðaforða. Þær sýna að hæfni nemenda eykst jafnframt í ritun og tjáningu og að lestur LB er almennt leshvetjandi, þróa lesvenju, skapar lesöryggi og jákvætt viðhorf til erlenda tungumálsins. Þetta á við um alla lesendur, hvar sem þeir eru á vegi staddir innan LB. Þá gerir lestur LB nemendum ábyrgari í tungumálanáminu (velja bækur, skilja texta o.s.frv.) samanborið við nemendur í kennarastýrðu enskunámi þar sem allir lesa og vinna með sama efni.

Kennslu- og námsaðferðir að baki léttlestrarbókum

Afmarkaður lestur er ríkjandi aðferð í enskukennslu. Nemendur lesa stuttan og oft erfiðan texta, hægt og með aðstoð orðabókar, vinna verkefni tengd textanum og svara spurningum upp úr honum. Hér er því ekki áhersla á að auka *leshæfni* (lesleikni). Kennarinn velur námsefnið og allir nemendur lesa sama texta óháð getu. Hlutverk afmarkaðs lesturs er að hjálpa nemendum að byggja upp orðaforða, málfræðikunnáttu og kynna fyrir þeim námsefnið. Hugmyndin á bak við *víðtækan lestur* er hins vegar sú að nemandi læri með því að lesa þó nokkurt textamagn. Mestur hluti lestrar fer fram *utan* kennslustundarinnar. Nemendur lesa LB eftir eigin getustigi og geta valið sér bækurnar sjálfir. Hlutverk víðtæks lesturs er að kynna og endurtaka tungumálið sem nemandinn á að tileinka sér. Hann les eins og hann myndi gera á móðurmáli sínu og orðabók er helst ekki notuð. Áhersla er lögð á að lesa til að skilja inntak textans, þróa leshraða, sjálfstæði og lesöryggi fremur en að greina textann, orðaforða hans og málfræði.

Afmarkaður og víðtækur lestur eru ekki



andstæður. Sjálfsgagt er að styðjast við þær báðar í kennslu erlendra tungumála.

Að lesa út frá réttu getustigi

Mikilvægt er að velja lesefni eftir getustigi nemandans eða rétt neðan við það. Nemandinn á að geta lesið textann án erfiðleika, þekkt orðin og getað hlutað tungumálið niður í búta eða form. Með því að lesa hraðar geta nemendur flokkað saman einstök orð og geta þannig betur séð formgerð tungumálsins. Sérhvert form samsvarar fremur hugmynd en einstaka orði. Með því að lesa hraðar er nemandinn því að lesa hugmyndir fremur en orð á prenti. Skilningur eykst og minnið vex því heilinn man betur hugmyndir en orð. Hugmyndir láta nemendur gleyma því að þeir eru að lesa erlent tungumál, þeir finna fyrir ánægju og öryggi með lestrinum.

En hvað er rétt getustig nemenda? Ef óvissa ríkir skal velja auðveldari LB fremur en þær sem erfiðari eru. Ef nemandi einsetur sér að þekkja orðin í textanum, þróa með sér leshraða og fimi, þá þarf hann að:

- Þekkja vel 98-99% orða á blaðsíðu.
- Geta lesið 80-100 eða fleiri orð á mínútu.
- Geta lesið án þess að taka mörg hlé.
- Hafa mjög góðan skilning á sögunni.

Aðeins lesandinn sjálfur getur sagt til um það hvort hann sé að lesa út frá réttu getustigi. Ekkert er í sjálfu sér rangt við það að nemandi vilji glíma við erfiðari texta en getustig leyfir ef hann hefur sett sér persónulegt markmið með lestrinum og nýtur hans. Þó er mikilvægt að kennarinn sé á varðbergi og greini hvort þyngd texta og getustig nemenda fari saman. Kennari getur greint þetta á eftirfarandi háttarlagi nemenda, þeir:

- Nota fingur eða penna sem lesstikur.
- Nota stöðugt orðabækur.
- Virðast áhugalausir um lesturinn.

- Rita orðabýðingar í bókina.
- Fletta blaðsíðum hægt (kennarar geta tímamælt þetta í laumi).
- Sýna svipbrigði sem benda til að þeim þyki lesturinn erfiður.

Að kynna léttlestrarbækur fyrir nemendum

Mikilvægt er að kennarinn skilji vel hlutverk LB, notkun þeirra og leggi sig í líma við að skila þessu til nemenda. Algeng mistök kennara eru þau að þeir vænta þess að lestur eigi sér stað og þróist af sjálfu sér. Of oft gerist það að nemendur sýna áhuga í upphafi en hann dýnar þegar fram í sækir. Ástæða þessa er lítil skilningur kennara og nemenda á því hvað þurfi til að leggja grunn að lestri alla ævi. Lestur kemur *að innan* og til að rækta þá tilfinningu hjá nemendum þarf að setja upp árangursríka lesáætlun fyrir þá með réttum LB. Kennarinn þarf jafnframt að sannfæra nemendur um að hefja lesturinn og viðhalda honum.

Andstæða lestrar á LB er lestur óbreytts texta (authentic text) sem birtir nemandanum erlenda tungumálið eins og það er í raun og veru. Fæstir nemendur geta nýtt sér slíkan texta í byrjun, hann er þeim of erfiður.

Hversu mikið á að lesa og hvers vegna?

Í stuttu máli er svarið við þessari spurningu: Ein LB á viku. Það getur tekið tíma að ná þessu markmiði en um leið og gæta þarf þess að fara ekki of geyst verður að hyggja að því að án umtalsverðs lestrar eykst ekki skilningur nemenda. Að læra að lesa erlent tungumál tekur tíma.

Hvenær eru nemendur tilbúnir að lesa léttlestrarbækur?

Nemendur verða að hafa grunnorðaforða (100-200 orð) og þekkja hann á prenti áður en þeir byrja á LB. Orðaforði í námsbókum byrjenda endurspeglast í auðveldustu LB. Byrjendur ættu því að hefja lestur á þessum bókum, ná upp góðum leshraða, áður en þeir feta sig upp erfiðleikastigann. Mikilvægt

er því að innlima LB sem fyrst í námskrána og tengja texta við talmál (svo sem með notkun geisladiska).

Kennarar ættu að hafa í huga

Marga þætti þarf að hafa í huga við val á LB, hvort sem kennari eða nemandi velur efnið. Kennarinn lítur á þætti eins og aldur, áhugasvið, erfiðleikastig, álit annarra kennara eða nemenda o.fl. LB eiga að:

- Endurspegla hvernig nota eigi þær í kennslu.
- Vera í takt við menningarlegan bakgrunn nemandans og orðaforða.
- Vekja áhuga nemandans.
- Vera auðveldar aflestar og skiljanlegar.
- Búa yfir hæfilegum fjölda mynda sem styðja viðkomandi texta.
- Hafa hæfilega margar fyrirsagnir og kafla til að brjóta upp textann.

Þrátt fyrir þetta ættu kennarar ekki endilega að hafna bókum sem:

- Eru of léttar, fjalla um efni sem eru algeng eða vekja virkilega áhuga nemandans.
- Falla ekki að ítrustu málvísindakröfum kennarans.
- Eru nemendum framandi.

Nemendur ættu að hafa í huga

Í fyrsta sæti er að bók sé læsileg og ánægjuleg aflestrar. Að þessu er gott að gæta:

- Heiti bókarinnar og kápu til að átta sig á tegund, sögusviði o.fl.
- Lesa baksíðu til að átta sig á inntaki bókarinnar.
- Lesa efnisyfirlit eða renna yfir kaflaheiti til að giska á um hvað bókun fjallar.
- Skoða og nýta sér myndmál.

Óskar Sigurðsson MA
Höfundur er vöru- og verkefnastjóri hjá A4 Skólavörubúðinni.

Vinnuumhverfisbólurnar eru orðnar þrjár

Á vef Kennarasambandsins, www.ki.is, eru farnar að birtast svokallaðar vinnuumhverfisbólur. Þetta eru upplýsingar sem hafa táknmyndina *litaða talblöðru*, í hverri og einni eru gagnlegar upplýsingar um afmarkað efni á sviði vinnuumhverfismála og þær eru gefnar út mánaðarlega yfir vetrartímann. Útgáfan hófst í febrúar og nýjasta vinnuumhverfisbólun (gul) fjallar um ágreining. Hinar fjalla um siðareglur (rauð) og handleiðslu (græn). Vinnuumhverfisnefnd KÍ tileinkar hverri önn skólaársins tiltekið vinnuumhverfisþema.

Á vorönn 2009 er þemað *Líðan og samskipti á vinnustað*. Allar vinnuumhverfisbólur á þessari önn hafa beina tengingu við þetta þema. Eftirfarandi þemu hafa einnig verið ákveðin:

- Haustönn 2009 – *Heilsuefning*
- Vorönn 2010 – *Vinnuumhverfið – hljóð, rödd, loft og lýsing*
- Haustönn 2010 – *Varnir og viðbrögð gegn einelti og áreitni*
- Vorönn 2011 – *Líkamsbeiting og aðbúnaður á vinnustað*


ÁGREININGUR – UPPLÝSINGAR ÚR VINNUMHVERFISBÓLU APRÍLMÁNAÐAR 2009

Af hverju kemur upp ágreiningur?

Á undanförunum áratugum hafa kröfur til kennara breyst og vinnuumhverfið orðið flóknara. Samskipti við samstarfsfólk, nemendur, foreldra og ýmsa aðra sérfræðinga og/eða samstarfsaðila hafa aukist mikið og meira er um teymisvinnu. Aukin samskipti kalla aftur á auknar líkur á því að upp komi ágreiningsmál.

Ágreiningur kemur einna helst upp þegar að markmið og áherslur, samskipti, viðhorf, sjónarmið, gildi og/eða upplifun einstaklinga/hópa virðast ósamrýmanleg. Tveir eða fleiri aðilar tala og/eða beita öðrum aðferðum sem miða að því að sigra, buga eða gera að engu sjónarmið „mótherjans“.

Ástæður ágreiningsins geta verið misjafnar. Um getur verið að ræða hagsmunarárekstur þar sem deilt er t.d. um tíma, aðstöðu eða forgangsröðun. Einnig getur komið fram ágreiningur þegar skipulag eða samskiptaferli eru óljós/stangast á eða ef upplýsingagjöf er ófullnægjandi. Undir



miklu álagi, í tímaþröng eða mikilli streitu er einnig líklegur að ágreiningur komi upp. Ágreiningur getur auk þess sprottið upp vegna einstaklingsbundinna þátta. Hann verður þá oft persónulegur og tengist t.d. þáttum eins og sjálfsmynd, sanngirni, trausti eða framkomu og/eða hegðun einstaklinga.

Hvaða afleiðingar getur ágreiningur haft?

Ágreiningur á vinnustöðum getur haft margvíslegar afleiðingar og rannsóknir hafa m.a. sýnt fram á neikvæð áhrif hans á frammistöðu og starfsánægju. Meðal þeirra atriða sem nefnd hafa verið eru t.d. minni samvinna, aukin samskiptavandamál, einelti, auknar fjarvistir og aukin starfsmannavelta.

Hvað skal gera ef ágreiningur kemur upp?

Mikilvægt er að bregðast eins fljótt og auðið er við vandamálum, árekstrum og samskiptaörðugleikum á vinnustaðnum. Komi upp ágreiningur er t.d. hægt að byrja á því að ræða við hvern og einn málsaðila um sig og síðan saman ef henta þykir. Oft er brýnt að þeir, sem telja á sér brotið, fái að hafa trúnaðaraðila eða sérfróðan aðstoðarmann með sér í slíku samtali.

Einnig er mikilvægt að forvörnum sé sinnt og hjá Vinnueftirlitinu er t.d. lögð áhersla á að á vinnustöðum séu sett fram skýr viðmið um samskipti. Um getur verið að ræða t.d. reglur um umgengni eða siði sem gilda á vinnustaðnum og ætlast er til að allir fylgi,

skýra afmörkun á ábyrgð starfsmanna og því sem vænst er af þeim, fullnægjandi upplýsingamiðlun og góðar leiðbeiningar um hvernig unnt er að leita sátta í deilum þar sem fyllsta trúnaður er gætt.

Fræðsla til handa stjórnendum og/eða öllum starfsmönnum um að leysa ágreiningur getur einnig verið gagnleg og m.a. leitt til aukinnar samheldni/liðsheildar, meiri árangurs í teymisvinnu, aukinnar færni starfsfólks almennt í að leysa ágreiningur og meiri starfsánægju.

Hver ber ábyrgðina?

Að öllu jöfnu gildir að atvinnurekendur skulu tryggja að starfsumhverfi sé gott skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stjórnendur þurfa því að vera færir um að sýna gott fordæmi, taka á árekstrum og vandamálum, sem upp kunna að koma, og leiða þau til lykta í sátt við þá sem eiga hlut að máli.

Hins vegar er einnig mikilvægt að minna á að allir á vinnustaðnum bera ábyrgð á því að starfa saman í sátt og samlyndi. Afstaða og hegðun hvers og eins starfsmanns er mikilvægur þáttur í því að andrúmsloft sé gott og að öllum líði vel á vinnustaðnum.

Ágreiningur getur verið jákvæður

Að lokum skal ítreka að ágreiningur er í raun eðlilegur þáttur í samskiptum manna á vinnustað en hann getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Ágreiningur getur t.d. leitt til jákvæðra breytinga og nýrra lausna, allt eftir því hvernig honum er leyft að þróast. Því ætti ekki endilega eingöngu að reyna að forðast allan ágreining heldur fremur stýra honum til jákvæðrar niðurstöðu fyrir alla á vinnustaðnum.

Sjá nánar á www.ki.is

help.is

Svalbarðsskóli í Pistilfirði

Auglýsir eftir kennara fyrir
skólárið 2009-2010.

**Kennslugreinar: stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði,
textílmenn, heimilisfræði og útikennsla.**

Svalbarðsskóli er fámennur skóli þar sem kennt er eftir einstaklings-
námskrá. Útikennsla er partur af skólastarfi, Grænfánanum er flaggað
og foreldrastarf verðlaunað af Heimili og skóla.

Umsóknarfrestur er til 8.maí.

Upplýsingar veitir Daníel Hansen skólastjóri í síma 468-1140, 435-6858,
694-8493 eða svalbardsskoli@simnet.is

Fljótsdalshérað



Leikskólakennarar – Spennandi starfstækifæri

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað auglýsir eftir leikskólakennurum

LEIKSKÓLAR

Brúarasskóli

auglýsir eftir leikskólakennara í 85% stöðu.

Ráðið er í starfið á starfstíma grunnskólans.

Nánari upplýsingar veitir starfandi skólastjóri, **Stefanía Malen Stefánsdóttir**, í síma 4 700 625
eða á netfanginu bruarasskoli@fljotsdalsherad.is

Heimasíðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/bruarasskoli

Leikskólinn Hádegishöfði

auglýsir eftir leikskólakennurum.

Nánari upplýsingar veitir starfandi leikskólastjóri, **Guðmunda Vala Jónasdóttir**, í síma 4 700 670
eða á netfanginu vala@fljotsdalsherad.is

Heimasíðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/hadegishofdi

Leikskólinn Skógarland

auglýsir eftir leikskólakennurum.

Nánari upplýsingar veitir starfandi leikskólastjóri, **Hanna Málmfríður Harðardóttir**, í síma 4 700 660
eða á netfanginu hanna@fljotsdalsherad.is

Heimasíðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/skogarland

Leikskólinn Tjarnarland


auglýsir eftir leikskólakennurum og deildarstjóra.

Nánari upplýsingar veitir starfandi leikskólastjóri, **Aðalbjörg Pálsdóttir**, í síma 4 700 650
eða á netfanginu adalbjorg@fljotsdalsherad.is

Heimasíðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/tjarnarland

Hæfniskröfur í ofangreindar stöður:

- Leikskólakennaramenntun.
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.



Umsóknir með ferilskrá
merkt þeim skólum sem
við á skal senda á:
Fljótsdalshérað
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir
í síðasta lagi 19. maí nk.
Einnig má sækja um
stöðurarnar á www.job.is

Fljótsdalshérað
er vaxandi sveitarfélag
sem býður upp á
fjölskylduvænt umhverfi.
Héraðið er rómað fyrir
veðurblíðu, náttúru-
fegurð og blómlegt
mannlíf.
Í samþykktri stefnu setur
Fljótsdalshérað sér að
verða ávallt meðal
þriggja öflugustu
þekkingarsvæða á
landsbyggðinni.



Nám í áfallameðferð

Félagsmenn hafa beðið okkur um að segja frá nýrri námsleið í Færeyjum. Námið veitir þjálfun í n.k. heildrænni, líkamsmiðaðri djúpsálarmeðferð og markmið eru meðal annars að útskrifa fagfólk í áfallahjálp. Leiðtogi námsins er Rigmor Hansen og hér er útdráttur úr námslýsingu hennar (á dönsku) en lýsingin í heild er á www.ki.is Allar nánari upplýsingar eru á www.difkp.dk

Ny psykoteraeutisk uddannelse på Færøerne

Dansk Institut for Kropsorienteret Psykoterapi er en privat uddannelsesinstitution, som er grundlagt i 1988 af institutleder Rigmor Hansen. Institutet er et af de første psykoteraeutiske uddannelsesinstitutioner i Danmark. Institutets faglige aktiviteter er under stadig udvikling og er af høj international standard. Uddannelsen er godkendt af Psykoteraeutforeningen i Danmark.

Institutet har valgt at placere 1 årig uddannelse (den 1 årige uddannelse er en del af den 3 årige uddannelse) og 3 årig psykoteraeut uddannelse på Færøerne, for hermed at kunne tilbyde islændinge, færinger og grønlandere faglig udfordring og efteruddannelse.

Metode og teori:

Uddannelsen er baseret på teoretisk og praktisk indføring i kropsorienteret psykoteraeut, som den er udviklet af internationalt anerkendte kropsteraeuter: Wilhelm

Reich, Albert Pesso, Alexander Lowen og Peter Levine.

Institutet har specialiseret sig i dybdepsykologisk helhedsteraeut. Vi arbejder på at integrere hele personligheden i den teraeutiske proces for at nå ind til den oprindelige kerne af krop, følelser, ego, sjæl, spiritualitet og hjerte. Herved styrkes og udvikles hele personligheden, og der skabes nye og varige livs- og handlemuligheder.

Herudover har instituttet specialiseret sig i behandling af mennesker, der har været udsat for tidlige omsorgssvigt eller andre alvorlige svigt (psykisk, fysisk eller seksuelt) og af mennesker, der har været udsat for chok og traumer.

Uddannelsens formål:

At du styrker dine personlige og faglige kompetencer.

Formålet med uddannelsen er bl.a. at kvalificere professionelle behandlere i deres arbejde med mennesker udsat for omsorgssvigt, chok og traumer.

Uddannelsen giver dig en bred indsigt i kropsorienteret psykoteraeut og i alle de værktøjer, der er nødvendige for at blive en fagligt dygtig og professionel psykoteraeut, supervisor og coach.

Deltagernes kompetencer:

Uddannelsens dybtgående udviklingsforløb vil forankre dine faglige kompetencer i en mere integreret personlighed.

Uddannelsen kvalificerer dig som psykoteraeut, coach og supervisor med indi-

viduel-, par- og familierapi som arbejdsområde og kan bruges både i ansættelse og som privatpraktiserende. Endvidere kvalificerer uddannelsen dig til at træne og supervisere grupper, bl.a. faggrupper som sygeplejersker, pædagoger, fysioterapeuter, socialrådgivere, behandlere, psykoteraeuter m.v. Endelig kan du bruge uddannelsen indenfor det private arbejdsmarked og inden for organisationer, hvor psykoteraeutuddannelse benyttes som lederuddannelse på højt niveau.

Deltagelse i uddannelsen vil styrke og udvikle såvel dine faglige som personlige kvalifikationer.

Praktiske ting:

Uddannelsen starter august 2009 og består af 5 årlige internatkurser (i alt 20 kursusdøgn) fra torsdag kl. 10.00 til søndag kl.14.30. Pris: Kr. 27.000 årligt (ved deltagerbetaling). Sted: Færøerne. Læs nærmere på hjemmesiden www.difkp.dk.

Henvendelse for yderligere oplysninger og tilmelding på telefon: 43 62 28 79 eller mail: info@difkp.dk

Med venlig hilsen

Dansk Institut for Kropsorienteret Psykoterapi
Ved institutleder Rigmor Hansen,
socialpædagog, socialrådgiver, psykoteraeut
MPF, coach og supervisor
Galgebakken, Skrænt 1-13
2620 Albertslund
Danmark
Mail: info@difkp.dk
www.difkp.dk
+ 45 43 62 28 79

SKÓLADAGAR
INGI
HÖNUNGLAUS



Í öruggum höndum í bíl frá okkur

Flottir bílar - frábær þjónusta




Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti í öllum sætum
- með sjónvarpi & DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

Hafðu samband:

Iceland Excursions - Gray Line Iceland
Höfðatún 12, 105 Reykjavík
Sími: 540 1313
www.ruta.is - ruta@ruta.is



Iceland excursions
Alltíð handa GRAY LINE ICELAND




Perlur

Hugleiðingar um stærðfræðinám í leikskóla

Fyrir um það bil ári vöknudu hjá mér spurningar um stærðfræðinám barna í leikskólum. Er almennt lagt mikið upp úr því og hverju skilar það? Í aðalnámskrá leikskóla, sem er „fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans“, er ekki gerð krafa um slíkt. Að vísu ber að örva vitsmunaproska barnsins með því að veita því lærdómsríkt og örvandi umhverfi. Þjálfar ber athyglisgáfu, hugsun, minni og einbeitingarhæfni barnsins ásamt því að þroska hugtakaskilning þess en hvergi er minnst á orðið stærðfræði.

Við sem vinnum í leikskólum könnumst þó vel við að kennd sé stærðfræði með notkun margvíslegra kubba svo sem einingakubba Pratt, legó og margskonar annarra kubba-gerða. Form, stærð, flatarmálgengdarmælingar af ýmsum toga eru hugtök og hlutir sem einnig er unnið með. Í leikskólanum þar sem ég kenni, Álfaborg á Svalbarðsströnd, er mikið unnið með perlur.



og þá sérstaklega stúlkum, vinna með perlur í Álfaborg verð ég að viðurkenna að gildi þeirra sem námsefniviður er ótvírætt. Hæfnin sem börnin hafa komið sér upp er aðdánarverð eins og sjá má. Við fyrstu sýn er ótrúlegt að þetta sé afrakstur vinnu fimm ára stúlku. Ekki einvörðungu gætir nákvæmni í úttalningu heldur má sjá speglun í efra verkinu og í því neðra má greina að byrjað var í miðju verksins (4x4) og þaðan þróast vinnan yfir í reglu, þ.e. eftir því sem nær dregur köntunum.

Þegar ég fór að beina athygli að perlunum kom í ljós að ekkert barn stekkur fullskapað fram í vinnu með þennan efnivið. Það fer fram mikil þjálfun í samhæfingu augna og handa og útreikningum á mynstri við vinnu með perlur. Algengast er að byrjendur fáist við það eitt að fylla brettið ýmist með einlitum perlum eða þeim litum sem verða fyrir fingrunum.



En vinnan þróast og leikurinn fer að snúast um liti og munstur. Mynstur geta gengið út á speglun eða hliðrun og verið einföld eða flókin, allt eftir því sem verkast vill.

Það er líka athyglisvert að fylgjast með því hvernig svona listaverk verða til. Stundum taka þau nokkra daga og stundum eina leikstund. Þegar ég velti því fyrir mér af hverju börnin í öðrum leikskólum sem ég hafði unnið í voru ekki svona áhugasöm um perluvinnu þá komu mörg svör upp í hugann. Perluvinna er ef til vill ekki mikil á sumrin og ég hafði einungis unnið í öðrum leikskólum á þeirri árstíð. Kannski voru hin börnin sem ég hafði unnið með of ung. En mestu held ég að skipti að í Álfaborg fá börnin að fara heim með „perlið“ sitt. Með því er þeim gefið færi á að skoða það og ígrunda og þannig fá þau umbun fyrir vinnu sína og eiga eitthvað sem þau sköpuðu. Ígrundun á vinnu

er öllum mikilvæg og ekki síst börnum sem eru að læra. Með því að leyfa þeim að eiga sitt „perli“ og fara með það heim tel ég að við séum að gefa þeim færi á þessu og það leiðir til þess að þau læra meira.

Rýnum aðeins í það hvernig þróaður „perlari“ vinnur.



Miðpunkturinn og kantarnir eru það sem allt snýst um. Í þessu tilfalli tók vinnan nokkra daga og stundum þurfti að „rekja upp“ til



að mynstrið gengi upp. Margir miðpunktar eru líka notaðir í „blómamynstrinu“ sem ég kalla svo eins og sjá má hér í verki annarar stúlku.



Verk þessi bera með sér mikla stærðfræði-kunnáttu þó að viðkomandi geri sér ekki grein fyrir því. Að fjögurra og fimm ára gömul börn séu komin þetta langt í útreikningum, speglun, hliðrun og samtengingum sýnir svo að ekki verður um villst að börn læra í gegnum leik. Sá leikur verður að fá að þróast og sparnaður leikskólans má ekki koma í veg fyrir að börnin geti ígrundað og íhugað verk sín heima og fullkomnað þau á grundvelli þeirrar vinnu.

Ég hvet leikskólastjóra og aðra þá sem ráða yfir fjármálum leikskóla til að láta ekki sparnað ráða för þegar unnið er með þessum. Sú leikni sem börn víða þar að sér trúir ég að skili sér í betri stærðfræðikunnáttu, þrjúna-skap, verkfræði, útsaumi, smíðavinnu eða hverju öðru sem krefst útsjónarsemi af þeirra hálfu þegar fram í sækir.

Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir
Höfundur er leikskólakennari.

Heimild: Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 8 og 9.



TÁLKNAFJÖRÐUR

SKÓLASTJÓRI

VIÐ GRUNNSKÓLA TÁLKNAFJARÐAR

Sameinaður Grunnskóli Tálknafjarðar, Tónlistarskóli Tálknafjarðar og Leikskólinn Vindheimar auglýsir stöðu skólastjóra lausa til umsóknar.

Menntunar- og hæfniskröfur :

- Kennararéttindi
- Stjórnunarnám æskilegt
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla á sviði kennslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2009.
Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí n.k.

KENNARASTÖÐUR

VIÐ GRUNNSKÓLA TÁLKNAFJARÐAR

Sameinaður Grunnskóli Tálknafjarðar, Tónlistarskóli Tálknafjarðar og Leikskólinn Vindheimar auglýsir allar stöður kennara, leikskólakennara og tónlistarkennara lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2009-2010.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennararéttindi
- Reynsla á sviði kennslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2009.
Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst n.k.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ. Umsókn og ferilskrá skulu sendar á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtún 1, 460 Tálknafjörður. Einnig má senda umsóknir í tölvupósti á netfangið: oddviti@talknafjordur.is. Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar um störfín veita Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps í síma 456-2539 / 863-5676 og Guðlaug S. Björnsdóttir, formaður skólanefndar í síma 862-2723.



Ertu á leið

út í vorið

með bekkinn þinn?

Þá er í boði námskeið fyrir þig **þann 18. maí kl. 15:00-17:00**. Kennarar verða Auður Pálsdóttir og Eggert Lárusson. Á námskeiðinu verða kenndar hagnýtar og einfaldar útfærslur að útikennsluverkefnum sem henta til kennslu í öllum grunnskólum.

Simenntun Rannsóknir Ráðgjöf Menntavísindasviði HÍ.

Skráning á mvs-simennt@hi.is eða í síma 525-5980



<http://srr.khi.is>

Börn, afrek þeirra og umfjöllun fjölmiðla

Alda Agnes Sveinsdóttir

Börn eru sýnd á mismunandi hátt í fjölmiðlum. Gjarnan er sagt frá því ef börn hafa staðið sig vel í keppni eða skarað fram úr á einhvern hátt. Stundum eru börn fengin í stutt viðtöl í sjónvarps- eða útvarpsþætti og þá gjarnan til að draga fram „krúttleika“ þeirra og það hversu einlæg og skondin þau eru í svörum sínum. Umfjöllun fjölmiðla um íþróttaíðkun barna er samt ekki mikil miðað við allan þann fjölda barna sem stundar íþróttir og þau fjölmörgu barnamót sem haldin eru í ýmsum íþróttagreinum. Ég hef átt í rökræðum við fólk um hvernig umfjöllun fjölmiðla um íþróttaafrek ungra barna skuli háttáð en ég tel ekki heppilegt að börnum sé hampað í fjölmiðlum sem sigurvegurum eða afreksmönnum. Sumum finnst sjálfsgagt að sagt sé frá þeim bestu og tíundað hverjir vinna, hlaupa hraðast, skora mest og svo framvegis en ég vil frekar að fjölmiðlar veki athygli samfélagsins á því sem börn eru að fást við, til dæmis með þátttöku sinni í íþróttaviðburðum. Segja frá hvernig börnin hafa verið að æfa og gleði þeirra yfir að taka þátt. Þrýða svo fréttina með myndum af þátttakendum, ekki endilega sigurvegurum. Við eigum að venja börnin okkar á að meta sjálf sinn eigin árangur en ekki gera þau háð því að fá viðurkenningu fjölmiðla.

Það er ekki bara í sambandi við íþrótta-sigra eða þegar einhver skarað fram úr sem umfjöllun fjölmiðla um börn er mér hugleikin. Um daginn bauðst okkur í skólanum þar sem ég starfa að birta frétt á tiltekinni heimasíðu um skólaþróunardag sem haldinn var í skólanum. Með fréttinni sendum við inn mynd sem að okkar viti var mjög lýsandi fyrir getu barns og fannst okkur myndin sýna margt stórkostlegt. En það er skemmst frá því að segja að sá sem birti fréttina fannst myndin á engan hátt nógu góð og vildi frekar mynd af börnum að leik. Hann einfaldlega skipti á myndinni okkar og annarri mynd sem hann átti sjálfur og honum fannst eiga betur við. Eftir rökræður við þennan mann var svo okkar mynd sett inn og hans mynd tekin út. Þetta vakti mig vissulega til enn frekari umhugsunar um hvernig börn eru sýnd í fjölmiðlum og mismunandi sýn okkar á það hvernig því skuli háttáð. **Myndin okkar var af verki sem barn vann af mikill nákvæmni, verkið sást og hendur barnsins þar sem það vann að verkinu. Við vildum veita vinnu og afrakstri barna athygli en honum þótti meira um vert að birta mynd af börnum að leik.**

Við sem störfum í leikskólum verðum vör við það á hverjum degi hversu hæfileikarík og getumikil börn eru. Þau takast á við



Ljósmyndir frá höfund.

Stundum eru börn fengin í stutt viðtöl í sjónvarps- eða útvarpsþætti og þá gjarnan til að draga fram „krúttleika“ þeirra og það hversu einlæg og skondin þau eru í svörum sínum.

ný og ögrandi viðfangsefni og eru alltaf að læra og afreka eitthvað nýtt. Oft koma augnablik þar sem við verðum vitni að einhverju afar merkilegu í þroskaferli barns og þá langar mann til að láta heiminn vita hversu stórkostleg viðfangsefni barna geta verið. Það eru þessir viðburðir sem vert er að vekja athygli á og hefja til vegs og virðingar í samfélaginu. Með því móti er ef til vill möguleiki á að virðing fyrir leikskólum sem menntastofnunum vaxi og mikilvægi frum-bernskunnar í þroska barnsins verði öllum ljóst. Í apríl 2008 fór ég ásamt nokkrum samstarfsmönnum mínum til Reggio Emilia sem er bær á Ítalíu. Þar kynntumst við samfélagi sem ber mjög mikla virðingu fyrir börnum og verkum þeirra. Við komum til Reggio Emilia með lest og þegar gengið var um undirgöng frá lestarteinunum blöstu

við okkur ljósmyndir af verkum barna á veggjum ganganna. Hvergi var að sjá myndir af börnunum sjálfum heldur var verkum þeirra hampað. Þetta voru okkar fyrstu kynni af bænum en það má segja að myndirnar í göngunum hafi verið einkennandi fyrir þá virðingu sem börnin og verk þeirra í þessum bæ. Þetta vil ég sjá í auknum mæli hér á landi. Börn eru svo miklu meira en lítil, sæt, skondin og krúttleg. Þau eru hæfileikaríkar manneskjur sem þroskast og dafna með því að takast á við umhverfið, rannsaka og reyna sig í félagi við aðra. Því skulum við veita athygli.

Alda Agnes Sveinsdóttir
Höfundur er skólastjóri Stekkjaráss.

framlag.is



Á vef Lýðheilsustöðvar fyrir ungt fólk fylgir gagnvirk síða þessari mynd, þar sem nemendur fá meiri upplýsingar um tóbak og skaðleg áhrif þess:

www.lydheilsustod.is/ungt-folk/tobak/sagt-er-satt-er/

Einnig er margt fleira fræðsluefni um heilsu og vellíðan á þessari síðu.

Heilsa og lífstíll

Áfengi

Tóbak

Önnur vímuefni

Útgefið efni

SAGT ER UM REYKINGAR ... SATT ER ...

SAGT ER: „Reykingar hjálpa manni að grænast“

SATT ER: Íslenskar rannsóknir sýna að unglingar sem reykja ekki velja frekar hollari mat, hreyfa sig meira og hafa betra þol en þeir sem reykja. (HEHC, 2006)

SAGT ER: „Það er flott að reykja“

SATT ER: Illa lyktandi fót, andfýla, gular tennur og bólur. Hversu flott er það?

SAGT ER: „Það kostar ekki mikið að reykja“

SATT ER: Miðað við að sigarettupakki kosti 600 krónur þá kaupir reykingafólk tóbak að meðaltali fyrir 4.200 kr. á viku sem er um það bil 18.000 kr. á mánuði og 220.000 kr. á ári!

SAGT ER: „Reykingar skaða ekki unglings og heilbriggt fólk“

SATT ER: Reykingar skaða þig strax. Lungun hættu að starfa almennilega, þolið minnkar og líkaminn þroskast ekki á eðlilegan hátt.

SAGT ER: „Það er ekkert svo alvarlegt að byrja að reykja. Maður hættir bara seinna“

SATT ER: Flestir sem reykja byrja fyrir 16 ára aldur en mjög fáir byrja eftir tóningsárin. Langflestir sem reykja vilja hættu og nánast allir (90%) sjá eftir að hafa byrjað. Mörgum tokast samt ekki að hættu þrátt fyrir margar tilraunir.

SAGT ER: „Reykingar eru algengar og flestir unglingar reykja“

SATT ER: Stöðugt færri Íslendingar reykja. Nýlegar rannsóknir sýna að aðeins lítil minnihúti íslenskra unglinga reykir og þeim fer fækkandi með ári hverju. (ESPAD, 2007)

Hægt er að nálgast áhugavert efni um tóbak og tóbaksmir á heimasíðunni www.lydheilsustod.is

OXFORD BÓKAORMAR

Ný útgáfa

Lestu bækur til að ná
betri árangri í ensku

Rannsóknir sýna að þegar nemendur lesa á ensku, verða þeir betri hlustendur og mælendur. Líttlestrarbækurnar frá Oxford, Bókaormarnir, hafa hlotið fleiri bókmenntaviðurkenningar innan tungumálanáms en aðrar ritraðir. Bókaormarnir hvetja nemendur til lesturs – og efla enskukunnáttu þeirra.

Núna með
nýjum
heimssögum



Yfir 140 titlar
nú fánlegir
á geisladiskum

www.oup.com/bookworms

Smiðjuvegi 5 + 200 Kópavogi + Sími 585 0500 + sala@a4.is + www.a4.is

A4
Skólavörubúðin

OXFORD Bookworms Word Bank 1, A 1-4
fargmiðlunardiskur sem aðlaður er
su skemmtilegir kennsluleikar af öðrum
sem notaður er samræmist læstunum.
Þórnin geta auðveldlega notað diskinn
í skólanum. Efnisflokkarnir á disknum
er 1-4.